



Lokaritgerð til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Lækkandi kosningaþáttaka á Íslandi

Kynslóð latra kjósenda?

Eiríkur Búi Halldórsson

Júní 2019



HÁSKÓLI ÍSLANDS
STJÓRN MÁLAFRÆÐI DEILD

Lækkandi kosningaþáttaka á Íslandi
Kynslóð latra kjósenda

Eiríkur Búi Halldórsson

Lokaritgerð til BA-gráðu í stjórnmálafræði
Leiðbeinandi: Eva H. Önnudóttir

Stjórnmálafræðideild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2019

Lækkandi kosningaþátttaka á Íslandi

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði.
Óheimilt er að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Eiríkur Búi Halldórsson, 2019
kt. 090895-2499

Reykjavík, Ísland, 2019

Útdráttur

Í lýðræðisríkjum víða um heim hefur kosningaþátttaka ungs fólks farið lækkandi og sömu sögu má segja hérna heima fyrir. Í þessari ritgerð er fjallað um lækkandi kjörsókn í Alþingiskosningum á Íslandi, og þá sérstaklega lækkandi kosningaþátttöku ungs fólks sem hefur verið mest afgerandi af öllum aldurshópum. Markmið rannsóknarinnar er að reyna varpa ljósi á hvað kann að útskýra lækkandi kosningaþátttöku á Íslandi, og hvort greina megi kynslóðaáhrif þar sem yngri kjósendur eru að nýta kosningarétt sinn í enn minna mæli en á árum áður.

Viðfangsefni ritgerðarinnar er að skoða hvernig skýra megi lækkandi kjörsókn meðal almennings á Íslandi. Kosningaþátttaka er greind út frá kenningum um breytt viðhorf almennings gagnvart stjórnmálum, minna trausts til stjórnmálamanna og minni áhuga á stjórnmálum. Ýmsar rannsóknir hafa sýnt fram á að breytt viðhorf hafi skilað sér í minni áhuga á þátttöku í kosningum og neikvæðara viðhorfi gagnvart stjórnmálum. Spáð er fyrir að ákveðin kynslóðaáhrif hafi átt sér stað þar sem ný kynslóð kjósenda hafi tekið við sem kys ekki í sama mæli og fyrri kynslóðir. Að sama skapi er skoðað hvort áhrif aldurs á kjörsókn hafi breyst undanfarin ár. Til að svara tilgátum rannsóknarinnar er stuðst við spurningar og niðurstöður úr Íslensku kosningarannsókninni.

Niðurstöður rannsóknarinnar styðja við tilgátur hennar og varpa ljósi á lækkandi kosningaþátttöku hérlandis. Kjörsókn allra aldurshópa hefur farið lækkandi í Alþingiskosningum hérlandis en breytingin virðist vera mest hjá yngsta aldurshópnum. Greina má áhrif kynslóðabils þar sem ný kynslóð kjósenda kys ekki í sama mæli og fyrri kynslóðir. Einnig hafa megináhrif aldurs á kosningaþátttöku breyst frá 1983 og hefur mesta breytingin átt sér stað hjá yngsta aldurshópnum, þetta styrkir enn frekar við tilgátu um kynslóðabilið og er vísir að því að ný kynslóð skilji eftir sig „fótspor“ lágrar kosningaþátttöku. Stjórnmálaáhugi einstaklinga hefur ekki þróast í sömu átt og lækkandi kosningaþátttaka og hafa megináhrif hans á kosningaþátttöku lækkað frá 1983. Áhugi á stjórnmálum er því ekki eins góður vísir að kosningaþátttöku og hann var. Hægt er að draga þá ályktun að ný kynslóð kjósenda virðist vera komin fram á sjónarsviðið, sem aðhyllist ekki hefðbundna þátttöku í stjórnmálum líkt og fyrri kynslóðir, og er leiðandi í „nýjum stjórnmálum“.

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni mitt til BA-gráðu í stjórnmálafræði við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands. Gildir hún 12 ECTS-einingar sem hluti af 180 eininga grunnnámi. Rannsóknin var framkvæmd á vormisseri 2019 vegna útskriftar í júní sama ár. Leiðbeinandi minn við þessa rannsókn var Eva Heiða Önnudóttir og vil ég þakka henni kærlega fyrir góða og lærdómsríka leiðsögn í gegnum allt ferlið sem og góðar og gagnlegar ábendingar. Ég vil auk þess þakka fjölskyldu minni fyrir þann stuðning sem hún hefur veitt mér í gegnum námið og þá allra helst foreldrum mínum, Snjólaugu Guðrúnu Jóhannesdóttur og Halldóri Sævari Kjartanssyni, sem hafa staðið við bakið á mér í gegnum námið en móður minni vil ég þakka sérstaklega fyrir alla aðstoð við yfirlestur ritgerðarinnar og að vera mér innan handar í gegnum skrifin. Einnig vil ég þakka þeim frábæra hóp sem ég hef kynnst í gegnum nám mitt í stjórnmálafræði og göngu mína í gegnum háskólann fyrir að gera síðustu þrjú ár ómetanleg.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Formáli	4
Töfluskra	6
Myndaskra	6
1 Inngangur	7
2 Hvað hefur áhrif á kosningaþátttöku?	9
2.1 Kosningahegðun ungs fólks	15
2.2 Kenningar um lækkandi kosningaþátttöku ungs fólks.....	18
2.3 Kosningaþátttaka ungs fólks á Íslandi	21
3 Tilgátur og aðferð	23
3.1 Tilgátur	23
3.2 Aðferð	24
4 Niðurstöður og umræður	28
4.1 Tilgáta um kynslóðabilið.....	28
4.2 Tilgáta um breytt áhrif aldurs.....	31
4.3 Tilgáta um breytt áhrif stjórn málaáhuga	36
5 Lokaorð	39
Heimildaskrá	41
Viðauki.....	46

Töfluskrá

Tafla 1. Kosningaár, aldur, aldur í öðru og kynslóð svarenda	30
Tafla 2. Kosningaár, aldur, áhugi á stjórnámálum, traust til stjórnámálamanna, menntun, hjúskaparstaða og hvort svarandi kaus eða ekki ásamt samvirknibreytum.....	33

Myndaskrá

Mynd 1. Kosningaþátttaka samkvæmt gögnum Íslensku kosningarannsóknarinnar samanborið við opinberar tölur um kjörsókn	25
Mynd 2. Kjörsókn í Alþingiskosningum skipt eftir aldurshópum frá 1983-2017.....	28
Mynd 3. Forspálíkur aldurs á kosningaþátttöku eftir kosningaári	34
Mynd 4. Forspálíkur áhuga á stjórnámálum á kosningaþátttöku	37
Mynd 5. Meðaltal áhuga á stjórnámálum eftir aldurshópum frá 1983 til 2017	37

1 Inngangur

Í þessari ritgerð er fjallað um lækkandi kosningaþátttöku á Íslandi og verður leitað leiða til að skýra þessa lækkun, sem er mest áberandi hjá ungu fólki. Skoðað verður hvort ákveðin kynslóðaáhrif hafi átt sér stað þar sem ungt fólk kys í mun minna mæli en á árum áður. Síðastliðna áratugi hefur kosningaþátttaka farið lækkandi víða á Vesturlöndum (Blais 2000, 137-144; Gray og Caul 2000, 1092-1096; Franklin o.fl. 2004, 115-117; Blais o.fl. 2004, 221), þá sérstaklega hjá yngri kynslóðum (Bhatti o.fl. 2012, 588-589; Blais o.fl. 2004, 221; Esser og de Vreese 2007, 1195; Fieldhouse o.fl. 2007, 797-799; Quintelier 2007, 176-177; Dalton 2008, 1) og hefur það valdið áhyggjum hjá ýmsum fræði- og stjórnmálamönnum þar sem þátttaka almennings er lykilþáttur og ómissandi hluti fulltrúalýðræðis. Saga lýðræðis er margslungin og einkennist af mismunandi skilgreiningum á hugtakinu. Einnig hefur verið deilt um hverja skuli telja til lýðsins og hvers konar þátttaka er hugsuð fyrir lýðinn (Held 2006, 1-5). Í Gettysburg ávarpinu árið 1863 lýsti Abraham Lincoln lýðræði sem „... stjórn fólksins, af fólkinu og fyrir fólkið“ (Lincoln 1863). Í flestum lýðræðisríkjum nútímans búa íbúarnir við fulltrúalýðræði, kerfi þar sem fulltrúar eru kjörnir og taka að sér að koma fram fyrir hönd og vera fulltrúar borgara sinna. Þátttaka lýðsins er með kosningu fulltrúa sinna og þannig fá fulltrúar umboð sitt frá kjósendum í gegnum kosningar (Held 2006, 4).

Þrátt fyrir mismunandi skilgreiningar á hugtakinu og deilur um það er einn lykilþáttur ómissandi í lýðræði; þátttaka almennings. Lýðræði krefst virkrar þátttöku almennings, því í gegnum umræðu, vilja meirihlutans, og þátttöku í stjórnmálum eru félagsleg markmið skilgreind og þeim framfylgt. Stjórnmálafræðingurinn Russel J. Dalton sagði að án þátttöku almennings í stjórnmálaferlinu, skortir lýðræði lögmæti sitt og leiðarljós (Dalton 1996, 5). Kosningaþátttaka og kjörsókn er mikilvægt því það er vottur um heilbrigði lýðræðis og er altækasta form pólitískrar virkni (Fieldhouse o.fl. 2007, 797). Einnig gæti lág þátttaka í kosningum orsakað að niðurstöður kosninga eða stefnumótunar endurspegli ekki vilja meirihlutans. Lækkandi kosningaþátttaka almennings á síðastliðnum árum og áratugum hefur því verið áhyggjuefni fræði- og stjórnmálamanna. Það hefur leitt til aukinna rannsókna á minnkandi kosningaþátttöku almennings og leitað er svara við hvað kann að orsaka hana (Blais 2000, 137-144; Gray og Caul 2000, 1092-1096; Franklin o.fl. 2004, 115-117; Blais o.fl. 2004, 221).

Í framhaldinu hefur mikilli athygli verið beint að kosningaþátttöku ungs fólks sem fer lækkandi og virðast rannsóknir benda til að kosningaþátttaka þeirra sé lægri en hjá eldri kynslóðum (Bhatti o.fl. 2012, 588-589; Blais o.fl. 2004, 221; Esser og de Vreese 2007, 1195; Fieldhouse o.fl. 2007, 797-799; Quintelier 2007, 176-177; Dalton 2008, 1). Rætt hefur verið um að ákveðin kynslóðaskipti hafi átt sér stað og kynslóðin sem er að taka við sé löt og áhugalaus um stjórnámál eða samfélagsleg málefni (Ellis 2004, 6-10). Hnignandi kjörsókn nýrrar kynslóðar og þátttökuleysi í stjórnámálum gæti haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir lýðræðislegt stjórnarfar og er því nauðsynlegt að taka af alvöru. Því hefur verið haldið fram að þessi lága kosningaþátttaka eigi eftir að skilja eftir sig „fótspor“ af lágru kosningaþátttöku í framtíðinni og kjörsókn nýrrar kynslóðar muni ekki hækka þegar þeir eldast í sama mæli og áður fyrr (Fieldhouse 2007, 797). Markmið þessarar ritgerðar er því að reyna varpa ljósi á lækkandi kosningaþátttöku á Íslandi, og hvort greina megi kynslóðaáhrif þar sem yngri kjósendur eru að nýta kosningarétt sinn í enn minna mæli en áður fyrr.

Líkt og í lýðræðisríkjum annarra Vesturlanda hefur þessi þróun átt sér stað á Íslandi, þar sem að kjörsókn ungs fólks í þingkosningum er töluvert lægri en hjá eldra fólki og eldri kynslóðum (Landssamband Æskulýðsfélaga 2013, 1). Tölur um kjörsókn eftir aldri er ekki til nema í tveimur sveitarstjórnarkosningum þannig að erfitt er að fullyrða um lægri kosningaþátttöku ungs fólks í sveitarstjórnarkosningum. Undanfarin ár hefur kjörsókn í sveitarstjórnarkosningum þó almennt dregist saman (Reykjavíkurborg 2018, 8). Með árununum virðist þróunin vera í átt að hnignandi þátttöku og því nauðsynlegt að rannsaka orsakirnar. Rannsóknir hafa sýnt fram á að kosningar með lága kosningaþátttöku yngri aldurshópa skilji eftir sig „fótspor“ lágrar kjörsóknar hjá þeirri kynslóð. Það er á ábyrgð valdhafa að taka lækkandi kosningaþátttöku alvarlega og bregðast markvisst við þeirri stöðu og er það hlutverk sem þeir mega ekki vanrækja. Líkt og Kofi Annan, þáverandi aðalritari Sameinuðu þjóðanna, sagði árið 1998: „Enginn er fæddur góður ríkisborgari; enginn þjóð fæðist sem lýðræði. Fremur, eru þessir hlutir ferli sem halda áfram að þróast yfir lífstíð. Ungt fólk þarf að vera tekið með frá fæðingu. Samfélag sem er ótengt æsku sinni er að skera á líflínu sína“ (Sameinuðu þjóðirnar 1998).¹

¹ „No one is born a good citizen; no nation is born a democracy. Rather, both are processes that continue to evolve over a lifetime. Young people must be included from birth. A society that cuts off from its youth severs its lifeline.“

2 Hvað hefur áhrif á kosningabátttöku?

Af hverju mætir fólk til að kjósa á kjördag? Hvað hefur áhrif á kosningabátttöku? Hvað kann að skýra hærri kjörsókn í sumum ríkjum og af hverju eykst hún eða hnignar yfir tíma? Hægt er að flokka undirliggjandi hvata einstaklinga til að kjósa í þrjár gerðir. Fyrstir eru efnislegir hvatar sem endurspeglast í kostnaði eða ávinningi af því að kjósa. Í öðru lagi eru táknrænir hvatar sem koma frá þeim hugmyndafræðilega ávinningi sem fæst af því að styðja tiltekinn frambjóðenda. Í þriðja lagi eru viðmiðunar hvatar sem endurspegla samfélagslega venju að kjósa, til dæmis borgaralega skyldu. Þessa hvata er hægt að flokka enn frekar. Annars vegar eru það einstaklingsbundnir hvatar sem eru tjáning um hvað einstaklingur telur að hann ætti að gera. Hins vegar velta utanaðkomandi hvatar á þekkingu á hegðun eða viðhorfum annarra, eða annarra félagslegra samskipta (Fieldhouse og Cutts 2016, 3-4).

Helstu niðurstöður fræðanna og niðurstöður rannsókna á kosningabátttöku hafa rennt styrkum stoðum undir ákveðin mynstur og að meðal helstu þátta sem hafa áhrif á breytileika í kjörsókn eru stofnanabreytur. Rannsóknir hafa sýnt fram á að skyldu kosning (e. compulsory voting) hækki kjörsókn en áhrifin velti á eftirfylgninni. Einnig, því valdameira sem embættið er, sem kosið er til, því meiri er hvatinn til að kjósa og einnig er aukinn hvati ef þing starfar í einni deild – þó eru niðurstöður um áhrif þess að þing starfi í einni deild á kjörsókn umdeildar. Einnig hefur verið sýnt fram á að fólk hafi meiri tilhneigingu til að kjósa eftir því sem það er auðveldara. Kjörstaðir hafa áhrif á kjörsókn, spurningin er því hversu mikil áhrifin eru og hvað þeir skipta miklu máli. Rannsókn eftir Blais (o.fl. 2003, 12) hefur sýnt fram á að kjörsókn er hærri þar sem það er hægt að kjósa með pósti, fyrirfram eða með umboði (e. by proxy). Fleiri rannsóknir hafa sýnt fram á að aðgengi að kjörstöðum hefur áhrif á kjörsókn og nálægð við kjörstaði hefur jákvæð áhrif á kjörsókn (Gimpel og Schuknecht 1990, 481-485). Í fræðunum er almennt álitid að mun á kjörsókn á milli landa megi útskýra tiltölulega vel með stofnanabreytum, þó telur Blais að vankantar séu á grunninum og skilningurinn óstöðugur. Við vitum ekki hversu ströng eftirfylgni á skyldukosningu þarf að vera og það eru engar samanburðarrannsóknir sem skoða mun á kjörsókn í löndum með og án skyldukosningu. Einnig, samkvæmt rökhyggju, ættu þættirnir sem móta ákvörðunina að kjósa eða ekki að vera mjög mismunandi eftir því hvort það sé mikill fjárhagslegur kostnaður af því að kjósa ekki (Blais 2006, 116-117).

Stjórnmalaflokkar og stofnanaumhverfi þeirra hefur einnig verið talið hafa áhrif á kjörsókn. Rannsókn Powell leiddi í ljós að kjörsókn var hærrí í löndum með sterk tengsl á milli samfélagslegra hópa og flokka (Powell 1986, 25). Þá ályktun má því draga að fjarlægð frá flokki hafi neikvæð áhrif á hvata til að kjósa. Einnig hefur fjöldi flokka verið skoðaður en frá fræðilegu sjónarmiði er ekki samstaða um hvort fjöldi flokka dragi úr eða auki kjörsókn (Blais 2006, 118). Aðrar breytur með áhrif á kjörsókn og eru tengdar stjórnmalaflokkum er hvort einstaklingur sé meðlimur í flokki og nálægð við flokk. Rannsóknir hafa sýnt fram á að einn mikilvægasti áhrifaþátturinn á stjórnmalahæðun og kosningaþátttöku er samsömun með flokki (e. party identification), hugtakið flokkshollusta er notað yfir þetta. Nálægð og samsömun með flokki er mikilvæg vegna þess að hún hefur áhrif á sýn einstaklings á pólitík, mótavals hans í kosningum og hefur áhrif á þátttöku í kosningum ásamt því að stuðla að stöðugleika í kosningakerfum. Flokkshollusta hefur þau áhrif að kjósendi hefur tilhneigingu til að kjósa sinn flokk. Almennt, er mjög náið samband milli samsömun með flokki og kosningaþátttöku, þú kýt þann flokk sem þú samsamar þig við (Dalton 2016, 1-8). Að sama skapi er ekki erfitt að sjá orsakasamband milli þess að flokksmeðlimir kjósi sinn flokk í kosningum.

Frá því bókin *The American Voter* (Campbell o.fl. 1960) var gefin út hefur flokkshollusta verið meðal lykilhugtaka í kosningarannsóknunum í heiminum. Vinsældir bókarinnar og kenningar hennar má að miklu leyti rekja til frjórrar umræðu um hana, hátt skýringargildi fyrir kosningahæðun og stöðugleika bókarinnar til lengri tíma. Flokkshollusta hefur gegnt lykilhlutverki í lýðræðisríkjum með því að vera ákveðinn grunnur að pólitískri vitund og þátttöku einstaklings. Kenningin um flokkshollustu leggur áherslu á tengsl einstaklinga við stjórnmalaflokka og gerir ráð fyrir að kosningahæðun ráðist af viðbrögðum vegna þriggja þátta; frambjóðenda, stjórnmalastefnu og sambands stjórnmalaflokka við ákveðna þjóðafélagshópa. Með tímanum myndar kjósendinn tengsl við flokkinn sem styrkist með aldrinum og segir kenningin að flokkar geti haft mótandi áhrif á skoðanir kjósenda sinna (Einar Mar Þórðarson og Ólafur Þ. Harðarson 2005, 539-40). Kosningarannsóknir hafa þó sýnt að flokkshollusta virðist fara minnkandi í mörgum vestrænum ríkjum (Dalton 2002, 194-200; Eva H. Önnudóttir og Ólafur Þ. Harðarson (óútgefið), 6-7). Inglehart (1997, 171) og Dalton (2007, 284-285) telja orsökina kunna vera „virkjun vitsmunanna“ og að nýjar kynslóðir séu ekki eins flokkshollar ásamt því að þær leiti í óhefðbundnari þátttöku í stjórnmálum, líkt og innan hagsmunahópa, skrifa undir áskoranir til stjórnvalda og mótmæli. Hugmyndin um virkjun vitsmuna og flokkshollustu snýr meðal annars að því að þegar einstaklingur verður betur

upplýstur, meira menntaður og betur í stakk búin til að vinna úr upplýsingum þá hafi hann minni þörf fyrir flokkshollustu sem leiðarvísi fyrir hvaða flokk hann ætti að styðja, og kjósa. Hægt er að velta fyrir sér hvort að virkjun vitsmuna hafi leitt til eðlisbreytinga á flokkshollustu og að hún sé mynduð á öðrum grundvelli en áður og þjóni öðrum tilgangi, sé ekki lengur leiðarvísir um hvað eigi að kjósa.

Við fyrstu hugsun mætti ætla að kjörsókn myndi hækka með fjölgun flokka og eru ýmsar ástæður þar að baki. Í fyrsta lagi hafa kjósendur fleiri valkosti til að velja úr og því líklegri til að finna flokk sem samræmist þeirra skoðunum. Í öðru lagi, því fleiri flokkar sem taka þátt, því meiri er virkjun kjósenda (Blais, 2008, 118). Einnig hefur verið haldið fram að fleiri flokkar auka samkeppnishæfni og hafi í för með sér hugsanlegan ávinning með betri stefnu (Benny Geys, 2006, 649). Fjölgun flokka getur þó einnig dregið úr kjörsókn. Líkt og Jackman bendir á, því fleiri flokkar sem eru því meiri líkur eru á samráðsríkisstjórn. Þannig hefur tilvera margra flokka þau áhrif að kjósendur hafa lítið að segja um raunverulegt val á ríkisstjórn. Nærri allar megindlegar rannsóknir, sem hafa verið gerðar, hafa fundið neikvæð tengsl á milli fjölda flokka og kjörsóknar (Jackman 1987, 414-416; Blais og Carty 1990, 167-181; Jackman og Miller 1995, 473-475; Blais og Dobrzynska 1998, 248-252; Kostadinova 2003, 754). Þetta eru áhugaverðar niðurstöður og gefa til kynna að fólk hafi ekki frekari tilhneigingu til að kjósa þegar það eru fleiri möguleikar til að velja úr um. Það hefur því ekki verið sýnt fram á einhlítt samband um hvort að fjöldi flokka dragi úr eða minnki kosningaþátttöku. Það bendir til þess að það séu aðrir áhrifaþættir sem skipta líka máli og geta mögulega spilað saman við fjölda flokka.

Dalton (2008, 900-902) telur að í stað þess að skoða áhrif fjölda flokka, þá ætti frekar að rannsaka hvers eðlis samkeppni flokkanna er, með því er meðal annars átt við pólung stjórnsmálaflokka innan kerfisins. Pólung stjórnsmálakerfisins endurspeglar hugmyndafræðilega aðgreiningu flokkanna innan kerfisins. Downs (1957, 125-127) skoðaði áhrif hugmyndafræðilegrar staðsetningar flokka á kosningaþátttöku og sýndi fram á að kjósendur munu alla jafna kjósa þann flokk sem er næst þeirra eigin hugmyndafræðilegri stöðu en ef nálægasti flokkur er langt frá kjósanda þá gæti hann eða hún ákveðið að kjósa ekki. Einnig ef tveir eða fleiri flokkar eru hugmyndafræðilega jafn nálægt kjósanda gæti það aukið líkurnar á að hann kjósi ekki. Downs áleit að fjölbreytni flokka myndi hafa áhrif á tengsl hugmyndafræðilegrar dreifingar flokka við kosningaþátttöku. Kjósendur í fjölflokkakerfi eru með fleiri flokka og fleiri hugmyndafræðilega valmöguleika, þannig er skynsamlegra að telja

hugmyndafræði sem afgerandi þátt í kosningahegðun í fjölflokkakerfi fremur en tveggja flokka kerfi. Hugmyndafræðileg dreifing flokka ætti að hafa áhrif á nálægð kjósenda við flokk og þar með auka líkur á að kjósendur greiði atkvæði.

Fjöldi flokka hefur verið notaður sem mælikvarði á pólun (Dalton 2008, 900) en það hefur sýnt sig að fjöldi flokka segir ekki endilega til um pólun innan stjórnmálakerfisins. Pólun stjórnmálaflokka innan kerfisins er erfiðara að mæla. Pólun stjórnmálaflokka felur í sér að það eigi að endurspegla dreifingu flokka á hugmyndafræðilegri vídd, t.d. hægri-vinstri. Kerfi með fáa stóra flokka nærri miðjunni er ekki með hátt stig pólunar á meðan kerfi með fjölda stærri flokka á vængjunum er fjölbætt kerfi með mikla pólun. Stig pólunar getur verið tiltölulega óháð fjölda flokka þar sem flokkakerfi með svipaðan fjölda flokka eru mjög breytileg í vinstri-hægri dreifingu þeirra (Dalton 2008, 902-906).

Í fjölda rannsókna er því haldið fram fram að pólun kerfisins hafi mikil áhrif þar sem meiri pólun skapi skýrara val á flokkum vegna þess að þeir aðgreina sig betur frá hvor öðrum, það örvi meðal annars þátttöku og skapi meiri ákefð í samkeppni flokka. Ef mikið hugmyndafræðilegt bil er á milli stjórnar og stjórnarandstöðu þá eru áhrif stefnumótunar stjórnvalda meiri, á meðan lítil pólun felur í sér meiri samstöðu innan kerfisins samhliða minni pólitískri svörun (e. responsiveness). Þetta helst í hendur við áhrif á kosningaþátttöku en þó að í flestum rannsóknum séu skoðuð áhrif fjölda flokka þá veitir dreifing flokka á hægri-vinstri skalanum betri forspá um kosningaþátttöku (Dalton 2008, 909-915). Samantekið, þá er eðli valkosta og fjölbreytileiki stjórnmálaflokka, sem eru í boði fyrir kjósendur, sterklega tengt kjörsókn. Til dæmis ýtir meiri pólun og fjölbreytileiki undir kjörsókn og kosningaþátttöku.

Félagslegt umhverfi (e. socioeconomic environment) hefur einnig áhrif á kjörsókn. Á einstaklingsstiginu eru breytur, líkt og menntun og aldur sem tengjast kosningaþátttöku einstaklings. Einnig hefur verið skoðað í rannsóknum hvort kjörsókn aukist eða hnigni með niðursveiflum í efnahagi. Flestar rannsóknir gefa þó til kynna að staða efnahagsins hafi lítil eða engin áhrif (Blais og Dobrzynska 1998, 252; Blais 2000, 34; Fornos o.fl. 2004, 931). Aðrar félagslegar breytur, sem mögulega hefðu áhrif á kjörsókn, eru viðhorf gagnvart því að kjósa, hvort einstaklingur telur það vera borgaralega skyldu sína að kjósa eða ekki (Fieldhouse og Cutts 2016, 5). Einnig er hægt að horfa til þess hversu mikið traust einstaklingur ber til stjórnvalda, stjórnmálamanna og stofnanna. Grönlund og Setälä (2007, 418-419) skoðuðu áhrif trausts og viðhorfs gagnvart stjórnmálakerfinu og stjórnmálamönnum á

kosningabátttöku. Niðurstöður þeirra renndu stoðum undir að það er jákvætt línulegt samband milli trausts til löggjafarþings og kosningabátttöku. Aukið traust til löggjafarþings eykur líkur á að einstaklingur greiði atkvæði. Einnig komust þeir að því að traust til stjórnámálanna hefur áhrif á kosningabátttöku, og einstaklingar sem bera meira traust til stjórnámálanna eru líklegri til að kjósa. Aukið traust ýtir því undir kosningabátttöku.

Fieldhouse og Cutts halda því fram að það séu sterk orsakatengsl við kosningabátttöku í fjölskyldum, og öðrum nánum hópum, sem stafar af því að félagslega tengdir einstaklingar hafa hvetjandi áhrif á hvorn annan til að kjósa. Þessi áhrif geta haft langvarandi eða varanlegar afleiðingar vegna félagslegrar tilhneigingar eða vana. Kjósendur taka inn í myndina venjur og hegðun viðmiðunarhóps síns, auk þeirra persónulega kostnaðar og ávinnings. Með því að kjósa eru einstaklingar að tjá skoðanir sínar og skilgreina sig með þeim félagslega hópi sem þeir telja eftirsóknarverðan, þannig eru þeir að tjá félagslega sjálfsmynd sína með því að kjósa (Fieldhouse og Cutts 2016, 1-6). Út frá þessu þá má gera ráð fyrir að kjósa sé fyrir þeim líkt og einkennismerki sem snýst um áherslu á að „vera“ frekar en að „gera“ (Schuessler 2000, 16). Félagslegar kenningar um kjörsókn fjalla um tvær leiðir sem er að félagsnet hefur áhrif á kjörsókn. Í fyrsta lagi, borgarar sem eru félagslega tengdir til lengri tíma verða líkari í gegnum félagsmótun. Í öðru lagi, hafa einstaklingar sem eru félagslega tengdir áhrif á viðhorf og hegðun hvers annars í gegnum félagsleg samskipti (Fieldhouse og Cutts 2016, 2).

Fleiri samfélagslegar breytur, sem hafa verið tengdar kjörsókn, eru íbúafjöldi, stöðugleiki íbúa og einsleitni þeirra. Því fjölmennara sem samfélag er, því minni eru líkurnar á að eitt atkvæði skipti máli. Niðurstöður styðja að íbúafjöldi hafi tölfræðilega marktæk neikvæð áhrif á kjörsókn. Tengt þessu er pólitíska breytan um hversu tæpar kosningar eru, þegar naumt er á munum á milli þeirra sem eru í framboði, þá eykst kjörsókn. Frá fræðilegu sjónarmiði má búast við að stöðugleiki í samsetningu íbúa (e. population stability), þegar kemur til dæmis að félagslegum þáttum, hafi jákvæð tengsl við kjörsókn og niðurstöður styðja við þessa tilgátu. Í fyrsta lagi vegna aukinnar tilfinningar um auðkenningu og samstöðu hópsins. Í öðru lagi, búseta á sama svæði til lengri tíma hefur í för með sér aukna þekkingu á málefnum og frambjóðendum á svæðinu (Geys 2006, 643-647).

Fyrri rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að viðhorf og gildi einstaklinga hefur fylgni við kosningabátttöku þeirra. Sýnt hefur verið fram á að þættir líkt og ánægja með lýðræðið, traust í garð stjórnvalda og stjórnámálanna hafi sterka fylgni við kosningabátttöku einstaklings

(Grönlund og Setälä 2007, 418-419). Aðrir þættir sem hefur verið sýnt fram á að geti haft áhrif eru félagsauður; traust á meðal almennings og samfélagsþátttaka, líkt og hagsmunabarátta og félagsstörf (Cox 2003, 757-758). Þessir þættir eru mikilvægir lýðræðinu og getur kosningaþátttaka verið vísir að getu stjórnámálanna til að virkja borgara til þátttöku í samfélaginu og vinna sér inn traust þeirra (Landssamband Æskulýðsfélaga 2013, 5).

Rannsóknir hafa sýnt fram á að viðhorf einstaklinga um að það sé borgaraleg skylda að kjósa er tengt kosningaþátttöku, á meðan aðrir hafa bent á að þessi útskýring er lítið meira en tvítekning. Það að taka inn í myndina borgaralega skyldu þjónar einungis þeim tilgangi að færa sjónarhornið frá því af hverju fólk kys yfir í af hverju fólk telur það vera skyldu sína að kjósa. Engu að síður hefur viðhorf gagnvart borgaralegri skyldu fjölskyldumeðlima áhrif á ásetning kjósenda að kjósa og eigin sýn einstaklings á hvort hann telji það borgaralega skyldu að kjósa. Með öðrum orðum, það skiptir ekki einungis máli að einstaklingur telji það vera borgaralega skyldu sína að kjósa heldur er auk þess mikilvægt að vera tengdur öðrum sem trúa einnig á þessa skyldu (Fieldhouse og Cutts 2016, 4).

Einn áhrifamikill þáttur á kjörsókn er menntunarstig einstaklings: fólk með hærri menntun er virkara í þátttöku í stjórnmálum. Þetta kemur ekki á óvart þar sem menntunarstig er oft talið vera áhrifabreyta á þátttöku í kosningum og stjórnmálum (Dalton 2008, 86; Nie o.fl. 1996, 75-81). Áhrif menntunar á kjörsókn hefur þó í för með sér áhugaverða þversögn. Við vitum að hærra menntaðir einstaklingar eru líklegri til að kjósa en þeir sem eru minna menntaðir. Við vitum líka að menntunarstig hefur aukist með tímanum. Fræðilega séð ætti þessi þróun að hafa leitt til aukinnar kosningaþátttöku en raunin virðist vera hið gagnstæða. Niðurstöður Blais í rannsókn sem var gerð árið 2004 leiddi í ljós að lækkandi kosningaþátttöku í Kanada sé ekki að finna meðal háskólamenntaðra, sýnt hefur verið fram á sömu niðurstöður í Bandaríkjunum (Blais o.fl., 232). Samkvæmt niðurstöðum Blais o.fl. (2004, 222) hefur menntun því verið mikilvægur þáttur í því að koma í veg fyrir enn minni kjörsókn. Kosningaþátttaka hefur lækkað meðal þeirra sem eru minna menntaðir, og áhrif menntunar á líkur einstaklings til að kjósa orðin meiri. Því virðist vera að hærra menntunarstig og útbreiddari menntun hafi mögulega spornað við því að þátttaka í kosningum hafi minnkað enn meira en hún hefur í raun og veru gert. Samhliða menntun er aldur einn áhrifamesti einstaki þáttur á kosningaþátttöku (Blais 2000, 52) og hafa rannsóknir sýnt fram á að aldur er mikilvæg breyta þegar kemur að

kosningahegðun fólks, og geti ásamt samfélagslegri stöðu að miklu leyti endurspeglað kosningabátttöku fólks (Phelps 2004, 238-239; Quintelier 2007, 165-167).

Niðurstöður Blais gefa okkur ýmsar leiðbeiningar um framtíðarrannsóknir á kosningabátttöku. Fyrsta rökrétta skrefið í að ganga úr skugga um áhrif á kosningabátttöku, er hvort að áhrifin séu jákvæð eða neikvæð, hvort að líkurnar á að kjósa aukist eða lækki, eða að það séu engin áhrif. Til dæmis hvort að hærri tekjur einstaklings hafi jákvæð áhrif, auknar líkur, eða neikvæð áhrif, minni líkur, á kosningabátttöku einstaklinga. Í öðru lagi þá ættu áhrif breytinga að sjást augljósast á nýjum kjósendum. Nýir og yngri kjósendur eru viðkvæmastir fyrir breytingum. Við verðum að fylgjast betur með virkni kjörsóknar (e. dynamics of turnout), kanna hvernig breytingar á flokkakerfinu eða aðrir samfélagslegir þættir hafi áhrif á kjörsókn (Blais, 2004, 220-223).

2.1 Kosningahegðun ungs fólks

Undanfarin ár hefur kosningabátttaka lækkað í Evrópu og fleiri vestrænum lýðræðisríkjum og þetta hefur leitt til aukinna rannsókna um hvað kann að orsaka þessa lækkun (Bhatti o.fl. 2012, 588-589; Blais o.fl. 2004, 221; Esser og de Vreese 2007, 1195; Fieldhouse o.fl. 2007, 797-799; Quintelier 2007, 176-177; Dalton 2008, 1). Það hefur vakið víðtæka athygli að lækkun kosningabátttöku hefur verið sérstaklega áberandi meðal ungra kjósenda. Það er vel þekkt staðreynd að eldri borgarar eru líklegri til að kjósa en yngri kjósendur. Því hefur verið haldið fram að stór þáttur í lækkandi kosningabátttöku almennings sé vegna kynslóðaskipta og tilkomu nýs hóps kjósenda (Fieldhouse og Cutts 2012, 856). Spurningin sem vaknar er hvort að yngri borgarar séu ólíklegri til að kjósa einfaldlega vegna þess að þeir eru ungir og líkurnar á að þessir einstaklingar kjósi hækki með aldrinum, eða hvort þeir tilheyri kynslóð sem er einfaldlega tregari til að kjósa en vísbending um það er að þátttökuhlutfall þeirra er lægra en hjá fyrri kynslóðum (Blais 2004, 221). Eldri kynslóðir voru félagsmótaðar á tímum þar sem kosningabátttaka var há, á meðan kynslóðin sem tekur við hefur minni tilhneigingu til þess að kjósa (Fieldhouse og Cutts 2012, 856). Kenningin er að það hafi átt sér stað ákveðin kynslóðaskipti og nýja kynslóðin er ólíklegri til að mæta á kjörstað og kjósa en fyrri kynslóðir.

Kynslóðaáhrif er ekki það sama og æviskeiðs- og tímabilsáhrif. Útskýring æviskeiðsáhrifa er að lág kosningabátttaka meðal yngri kjósenda sé fyrirbæri sem mun þverra þegar yngri kjósendur eldast og vaxa úr grasi, og verða fullorðnir. Kynslóðaáhrifin telja lága kosningabátttöku vera varanlegan fylgifisk kynslóðarinnar í gegnum líftíma hennar. Með

kynslóð er átt við hóp einstaklinga sem fæddist og ólst upp á sama tíma og hefur upplifað sama reynsluheim á mótandi upphafsárum sínum. Þrátt fyrir að lækkandi kosningaþátttaka sé mest áberandi hjá yngri aldurshópum kjósenda þá hefur hún líka farið lækkandi hjá eldri kjósendum. Það gefur til kynna, að óháð kynslóða- og æviskeiðsáhrifum, eru aðskilin tímabilsáhrif. Tímabilsáhrifin eru þau að kosningaþátttaka hefur lækkað hjá öllum aldurshópum og því er þetta skýrandi fyrir tímabilið í heild sinni (Wass 2007, 648-650).

Það hefur verið sýnt fram á að kjósendur taki ákvarðanir í félagslegu samhengi (til dæmis fjölskylda og vinir) og einstaklingsbundnar ákvarðanir um þátttöku í kosningum og val á flokkum er ekki hægt að útskýra að fullu með einstaklingsbundnum eiginleikum (Fieldhouse og Cutts 2012, 857). Nokkrar rannsóknir hafa beint athygli að heimilinu, sem helsta vettvang, þar sem pólitískar umræður og ákvarðanir eiga sér stað. Það er því góð ástæða til að áætla að áhrif frá heimili og fjölskyldunni séu mikilvæg fyrir ungt fólk. Þessar rannsóknir hafa sýnt fram á að heimilið, hverfið og nærliggjandi umhverfi einstaklings eru uppspretta áhrifa á kosningaþátttöku. Í grein eftir Fieldhouse and Cutts er bent á að á ákveðnum tímum í lífsferlinu eru kjósendur meira eða minna næmir fyrir þessum áhrifum frá fjölskyldu og heimilinu á þátttöku í kosningum. Niðurstöður þeirra eru að þátttaka ungs fólks í kosningum verður fyrir meiri áhrifum af nærveru, eða fjarveru, annarra kjósenda á heimilinu heldur en kjósenda í heild sinni (Fieldhouse og Cutts 2012, 856-858). Niðurstöður rannsóknarinnar eru að kjósendur eru töluvert líklegri til að kjósa ef þeir búa með öðrum einstaklingum sem kjósa, og þessi áhrif eru sterkari hjá þeim sem eru að kjósa í fyrsta skipti en öðrum kjósendum. Ungur kjósandi sem er að kjósa í fyrsta skipti og býr með öðrum einstaklingi sem kys er fimm sinnum líklegri til að kjósa en sambærilegur kjósandi á heimili þar sem enginn annar kys (Fieldhouse og Cutts 2012, 860-867).

Hugmyndin um það að greiða atkvæði sé vani hefur fest rætur í fræðunum (Franklin 2004, 116; Plutzer 2002, 54-56; Verba og Nie 1972, 111). Því oftast sem fólk kys, því líklegra er að það telji kosningu eðlilega hegðun og festi það í vana sinn. Kosningar sem hvetja ekki til hárrar kjörsóknar hjá yngri kjósendum skilja eftir sig „fótspor“ af lágrri kjörsókn hjá þeim, vegna þess að þeir koma því síður upp í vana að kjósa. Þar sem margir yngri kjósendur kjósa ekki heldur í öðrum kosningum síðar á lífsleiðinni. Annað viðbótarsjónarmið er að með því að kjósa í einum kosningum dregur úr framtíðarkostnaði við að kjósa því kjósandi hefur safnað upp þekkingu. Ef þátttaka í kosningum er vani, þá mun upphafleg þátttaka kjósenda í kosningum

endurspeglast í gegnum líf þeirra. Því á meðan eldra fólk er vanafastara og er líklegra til að kjósa líkt og áður þá eru yngri kjósendur viðkvæmari fyrir áhrifum frá öðru fólki, annað hvort á heimili sínu eða nærliggjandi umhverfi (Franklin 2004, 115-143).

Fjöldi rannsókna hafa rennt stoðum undir þá kenningu að það eru kynslóðaskipti að eiga sér stað sem hafa töluverð áhrif á kosningaþátttöku og kjörsókn. Niðurstöður rannsóknar Blais á kosningaþátttöku í Kanada sýndi að tilhneigingin til að kjósa, á sama aldri og tímabili, er töluvert lægri á meðal nýrri kynslóða en þeirra sem eldri eru. Niðurstöðurnar eru í samræmi við ýmsar rannsóknir sem hafa sýnt fram á að lækkun kjörsóknar í Bandaríkjunum megi rekja til kynslóðaskipta (Blais 2004, 227; Phelps 2004, 238; Lyons og Alexander 2000, 1031-32). Þessar niðurstöður vekja upp aðra spurningu: Af hverju hafa yngri kynslóðir minni tilhneingingu til að kjósa en forverar þeirra þegar þeir voru á sama aldri?

Blais kom fram með tvær tilgátur sem hann prófaði. Í fyrsta lagi sér ungt fólk kosningar og athöfnina að kjósa öðruvísi heldur en eldri kynslóðir. Það hefur tilhneingingu til að bera minni virðingu (e. less deferential) en fyrri kynslóðir fyrir því að kjósa. Ungt fólk er ekki eins skyldurækið þar sem það sér kosningarétt sinn ekki sem borgaralega skyldu, heldur einungis sjálfsagðan rétt sinn og finnst þau ekki vera eins siðferðislega skyldug til að kjósa. Í öðru lagi hafa yngri kynslóðir minni athygli á stjórnmálum. Þegar þessar tvær breytur voru teknar með í reikninginn virtist ekki vera marktækt bil á milli kynslóða. Það virðist vera vegna þess að yngri kynslóðir hafi veikari skyldurækni og fylgjast minna með stjórnmálum að þau eru ólíklegri til að kjósa. Á meðan þessar tvær breytur spila stórt hlutverk þá virðast aðrar breytur, sem ekki voru notaðar í þessari rannsókn, einnig hafa áhrif. Vegna skorts á gögnum var ekki hægt að greina fyrir æviskeiðs- og kynslóðaráhrifum í rannsókn Blais á þessum tilgátum (2004, 227). Mögulega var eldra fólk ekki eins skyldurækið þegar það var yngra og hafði minni áhuga á stjórnmálum og því myndu þessar breytur ekki skýra muninn á milli kynslóða. Þessar niðurstöður eru vísir að því að lækkandi kjörsókn endurspeglar stærri menningarlega breytingu, sem hefur átt sér stað, varðandi hversu mikla athygli fólk veitir stjórnmálum og hversu mikilvæg þau telja stjórnmál vera. Blais (2004, 234) segir þetta sökum þess að það eru engar vísbendingar um að kosningaþátttaka hafi lækkað meira meðal ákveðinna hópa kjósenda (að undanskyldu ungu fólki og minna menntuðum).

Mark N. Franklin og fleiri skrifuðu grein þar sem þau settu fram kenningar um langtímaáhrif á kjörsókn vegna breytinga á eðli kosninga. Þau sannreynðu þessa kenningu með

rannsókn sem notaðist við gögn frá 22 löndum, sem hafa haldið kosningar samfelld síðan árið 1945, alls 356 kosningar. Fyrra markmið þeirra var að leiða í ljós væntingar (e. derive expectations) um áhrif kynslóðabreytinga á kjörsókn til að varpa ljósi á hvaða áhrif breytingar á eðli kosninga hafi á kjörsókn til lengri tíma. Seinna markmiðið var að prófa tilgátur vegna væntinga um áhrif kynslóðabreytinga á kjörsókn til að reyna útskýra þessar breytingar. Niðurstöður þessarar rannsóknar renna stoðum undir að lág kosningaþátttaka yngri kynslóða er stór þáttur í að útskýra lækkandi kjörsókn yfir alla aldurshópa. Einnig benda niðurstöðurnar á nauðsyn þess að taka tillit til kynslóðaskipta þegar verið er að rannsaka breytingar á kjörsókn (Franklin o.fl. 2004, 118 og 142-143).

2.2 Kenningar um lækkandi kosningaþátttöku ungs fólks

Til að skilja kynslóðabreytinguna sem hefur átt sér stað verðum við fyrst að reyna skilja af hverju yngri kjósendur eru ólíklegri til að kjósa. Í ýmsum rannsóknum hefur verið skoðað hvort lág kosningaþátttaka ungs fólk nú til dags endurspeglir mismunandi viðhorf einstaklinga, í tengslum við hagsmuni þeirra í samfélaginu, viðhorf gagnvart borgaralegri skyldu eða áhuga á stjórnámálum (Fieldhouse o.fl. 2007, 797-799). Haldið hefur verið fram að þegar einstaklingar eldast þá aukast hagsmunir (e. stake) þeirra í samfélaginu og þeir verði líklegri til að skynja mikilvægi kosninga (Denver 2003, 40). Einnig hafa fræðimenn bent á að ungir kjósendur eru ekki eins viðriðnir í kosningar stjórnámálakerfisins vegna þess að þeir hafa ekki kosið áður og þróað með sér vanann að kjósa (Franklin 2004, 115). Einnig hefur verið haldið fram að ungir kjósendur eru minna upplýstir um stjórnámál og eru ólíklegri til að finna fyrir þeirri tilfinningu að það sé borgaraleg skylda að kjósa (Fieldhouse og Cutts 2016, 4). Hér á eftir verður farið yfir nýlegar útskýringar fræðimanna á dvínandi kjörsókn ungs fólk og hvers vegna þessi samfélagshópur er síður að mæta á kjörstað.

Ein ástæða sem er oft velt upp í fræðunum er að það er munur á pólitískum viðhorfum ungs fólks; þau hafi minni áhuga á stjórnámálum, neikvæðara viðhorf gagnvart þeim og minna traust á stjórnálaferlinu. Ungt fólk telji stjórnámál einnig vera fjarlæg og óviðkomandi lífi sínu. Það spilar einnig inn í að ungt fólk er komið styttra á lífsleiðinni, á ekki húsnæði, er atvinnulaust og er að miklu leyti ótengt pólitíska heiminum þar sem fullorðnir ráða ferðinni (Quintelier 2007, 168-171). Bent hefur verið á að stjórnámálamönnum virðist mistakast að takast á við málefni sem varða ungt fólk (Henn o.fl. 2002, 176). Þar að auki sér ungt fólk stjórnámálamenn sem ótengda almenningi (e. out of touch), óáreiðanlega og stjórnast af eiginhagsmunasemi og

valdafíkn. Þannig finnst ungu fólki stjórnmálamenn ekki heyra í þeim og að þau geti ekki haft áhrif á stjórnmál (Henn o.fl. 2002, 179; Kimberlee 2002; 85-98). Niðurstöður Quintelier (2007, 177) styrktu þá tilgátu að ungt fólk hefur neikvæðara viðhorf gagnvart stjórnmálum en fyrri kynslóðir, telja rödd sína ekki heyrast og laðast því ekki að þeim.

Aðrir fræðimenn hafa mótmælt þessu og bent á að ungir kjósendur eru ekki eins sinnulausir og áhugalausir um stjórnmál líkt og áður var talið. Þeir hafa aftur á móti gert sér grein fyrir og hallast að þátttöku í stjórnmálum á víðtækari forsendum en í hefðbundinni þátttöku innan stjórnmálaflokka eða í kosningum (Phelps 2004, 238; Kimberlee 2002, 90-93). Aðdráttarafl nýrrar gerðar þátttöku (e. new politics) hefur þannig orsakað að ungt fólk hefur horfið frá hefðbundinni þátttöku í stjórnmálum, líkt og kosningum eða aðild að stjórnmálaflokkum. Þannig sé þátttaka ungs fólks í stjórnmálum ólík því sem átti sér stað hjá eldri kynslóðum, líkt og aðild að ungmennahreyfingum eða félagasamtökum, pólitískri neysluhyggju eða öðrum samfélagsaðgerðum (Quintelier 2007, 167-8). Þar að auki hefur aukin þátttaka í stjórnmálum átt sér stað í beinum aðgerðum, líkt og að hafa samband við stjórnmálamenn eða mótmæla (Dalton 2011, 3).

Ungt fólk hefur þannig verið í fararbroddi „nýrra stjórnmála“ sem eru þau að hverfa frá hefðbundnum stéttaskiptum stjórnmálum fortíðarinnar. Þessi nýju stjórnmál eru tilgátukenndari og ófyrirséðari, og eru talin endurspeglar lífsstíl, gildi, viðhorf og vandamál nýrrar kynslóðar (Kimberlee 2002, 90-93). Ástæðurnar kunna að vera að ungu fólki finnist erfitt að aðlagða hefðbundna þátttöku í stjórnmálum að lífsstíl sínum og vinnu, eða að það skapi ímyndarvanda fyrir þau (Quintelier 2007, 167). Pólitískur áhugi ungs fólks hefur í auknum mæli þróast í kringum málefni eins og réttindi dýra, sjálfsmynd, umhverfismál og fleira (Kimberlee 2002, 89). Einnig endurspeglar þessi þróun að vissu leyti aukið menntunarstig, aukna pólitíska hæfni borgara ásamt auknu aðgengi að pólitískum upplýsingum (Dalton 2011, 8).

Það hefur verið stutt með könnunum að ungt fólk aðhyllist frekar öðruvísi þátttöku í stjórnmálum og dregst ekki að hefðbundnum stjórnmálum eins og fyrri kynslóðir (Kimberlee 2002, 92-93). Sé það raunin þá erum við að sjá nýja kynslóð með öðruvísi gildi, viðhorf og aðhyllist óhefðbundna þátttöku í stjórnmálum, sem er þá líklegra til að verða venjubundið frekar en undantekning. Við gætum verið að sjá mikla breytingu á því hvernig fólk skynjar pólitíska þátttöku og hvernig það velji sér að taka þátt í stjórnmálum. Yngri kynslóðir eru gagnrýnni á stjórnmálaflokka og kjörna fulltrúa og dragast því síður að hefðbundinni þátttöku

(Dalton 2011, 11). Lækkandi kjörsókn ungs fólks má þá rekja til þess að það velji sér annars konar þátttöku í stjórnámálum en eldri kynslóðir og hafa niðurstöður rannsókna styrkt þessa tilgátu (Quintelier 2007, 175; Phelps 2004, 244-245; Kimberlee 2002, 93-95).

Að lokum hefur verið haldið fram að ein af helstu ástæðunum fyrir lækkandi þátttöku nýrra kynslóða kann að vera hvar einstaklingar séu staddir í lífsferlinum. Með aldrinum verður líklegra að fólk sé búið að stofna fjölskyldu, kaupa sér húsnæði og komið í fasta vinnu eftir að hafa lokið menntun, og hefur af þeim sökum fleiri ástæður til að fylgjast með og taka þátt í stjórnámálum þar sem hagsmunir þeirra í samfélaginu hafa aukist (Verba og Nie 1972, 139). Þó er ekki hægt að alhæfa um þetta þar sem ungt fólk getur verið búið að kaupa sér húsnæði og komið í fasta vinnu fyrr á lífsleiðinni – og eldra fólk getur einnig verið ómenntað, án fjölskyldu og húsnæðis. Með aldrinum þá aukast hagsmunir einstaklinga í samfélaginu og fólk verður meira innlimað í samfélagið (Quintelier 2007, 167; Kimberlee 2002, 85-87).

Það bendir þó margt til þess að nýjar kynslóðir séu komnar styttra á lífsleiðinni en fyrri kynslóðir á sama aldri og þetta hafi áhrif á kosningaþátttöku þeirra. Ein útskýring bendir til þess að ungt fólk eigi í erfiðleikum með umskipti yfir til fullorðinsára og það leiði óhjákvæmilega til tafa á því að það taki þátt í kosningum. Breytt samfélag þar sem fjölskyldur eru ekki eins stöðugar, minna gagnsæi og meiri leyndarhyggja og færri atvinnutækifæri þá þarf ungt fólk með virkum hætti að ávinna sér stöðu sína sem fullorðinn einstaklingur, frekar en að eldast einfaldlega inn í hana (Kimberlee 2002, 93-95). Ýmsir fræðimenn (Phelps 2004, 238-239; Quintelier 2007, 165-167) hafa vakið athygli á því að ungt fólk nú til dags búi lengur í foreldrahúsum, sé lengur í skóla og komi af þeim sökum seinna út á vinnumarkaðinn en fyrri kynslóðir. Rannsóknir renna stoðum undir að ungt fólk virðist vera að fullorðnast hægar en fyrri kynslóðir, þar sem það er seinna að hella sér á fullu út í lífsbaráttuna ef svo má að orði komast, og hafa því ekki eins mikla hagsmuni af því að fylgjast með og taka þátt í stjórnámálum, eða minni hvata til þess (Quintelier 2007, 177).

Lægri kosningaþátttaka ungs fólks er því að vissu leyti endurspeglun og viðbrögð við þessum víðtæku samfélagsbreytingum. Nýrri kynslóðir eru ólíklegri til að hafa fengið nauðsynleg merki (e. cue) um að taka þátt í stjórnámálum frá hefðbundnum aðilum eins og vinnumhverfi, fjölskyldu, samfélaginu, og svo framvegis. Það er því ekki við ungt fólk að sakast að þau virðast áhugalaus um kosningar heldur virðist samfélagsgerðin vera að breytast og

þurfa stjórn málin og stofnanir samfélagsins að bregðast við þeim skjótu breytingum sem yngri kynslóðir hafa upplifað (Kimberlee 2002, 95).

2.3 Kosningabátttaka ungs fólks á Íslandi

Kosningabátttaka ungs fólks á Íslandi hefur mikið verið í umræðunni síðastliðin ár, sérstaklega síðan eftir sveitarstjórnarkosningar 2010. Bæði í tengslum við skort á upplýsingum um þátttöku þeirra, andvaraleysi stjórnvalda í málaflokkum ungs fólks sem og lækkun kosningaaldurs til sveitarstjórnarkosninga (Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna 2017-2018). Þau gögn sem til eru benda til þess að kosningabátttaka yngri aldurshópa á Íslandi sé töluvert lægri en eldri aldurshópa og að með tímanum hafi hún farið lækkandi (Landssamband Æskulýðsfélaga 2013, 1). Þau gögn sem eru fyrir hendi eru til að mynda Íslenska kosningarannsóknin (Félagsvísindastofnun Íslenska kosningarannsóknin) sem er rannsókn á kosningahegðun Íslendinga, sem hefur verið framkvæmd á Alþingiskosningum frá því árið 1983.

Í skýrslu Landssambands Æskulýðsfélaga (2013) er kosningabátttaka í Alþingiskosningum í Íslensku kosningarannsókninni tekin saman eftir aldurshópum, frá árunum 1983 til 2009.² Kjörsókn hjá eldri aldurshópum, 30 ára til 79 ára, helst nokkuð stöðug en sveiflast þó milli 85-90% á milli ára. Kjörsókn hjá yngri aldurshópnum, 18-24 ára og 25-29 ára, virðist vera á hraðri niðurlæging. Hjá næstýngsta aldurshópnum hefur kjörsókn lækkað frá rétt yfir 90% árið 1983 niður í 82% árið 2009. Hjá yngsta aldurshópnum hefur hún að sama skapi lækkað úr 85% niður í u.þ.b. 75%, ef undan er skilin eftirtektarverð kjörsókn sem náði í 85% árið 2007 (Landssamband Æskulýðsfélaga 2013, 2). Kjörsókn yngstu aldurshópanna er töluvert lægri en hjá þeim eldri og virðist enn fara lækkandi.

Þessi gögn gefa sterkar vísbendingar um að kosningabátttaka yngri aldurshópa á Íslandi sé ekki bara lægri en á meðal annarra aldurshópa, heldur virðist hún einnig fara minnkandi. Könnunin „Ungt Fólk 2010“, sem unnin var fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið, benti til þess að almenn þátttaka í félagslífi og félagastarfi fari minnkandi sem er vísbending um að þetta sé víðtækt samfélagsvandamál og krefst heildstæðra viðbragða stjórnvalda (Ungt Fólk 2010, 31-44). Skoða þarf betur hvort ungt fólk á Íslandi sé almennt að taka minni þátt í kosningum og samfélaginu í heild sinni. Í fræðikaflanum voru ræddar kenningar um að ungt

² Svör svarenda í Íslensku kosningarannsókninni hafa verið vigtuð miðað við kjörsókn samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands.

fólk leiti sér annarra leiða til þátttöku í stjórnámálum en kosningum og séu leiðandi í „nýjum stjórnámálum“. Spurning er hvort þetta sé einnig raunin hérlendis. Minnkandi kosningaþátttaka virðist vera áhyggjuefni fyrir stjórnvöld á Íslandi og er það á ábyrgð valdhafa að taka þessari þróun alvarlega og bregðast við með markvissum hætti (Landssamband Æskulýðsfélaga 2013, 4-5). Áhyggjuefnið felst í því að með lækkandi kosningaþátttöku er grafið undan því lýðræðislega umboði sem stjórnvöld hafa. Líkt og segir í Hvítbók Evrópusambandsins um Æskulýðsmál sem gefin var út árið 2001: „Ekki má þó skilja þetta svo að ungt fólk hafi ekki áhuga á þjóðlífinu. Flest ungmenni vilja vera með í og hafa áhrif á mikilvægar ákvarðanatökur en þau vilja gera það annars staðar en í stjórnálahreyfingum og/eða stofnunum. Það er hlutverk valdhafanna að brúa það bil sem myndast hefur á milli áhugasamra ungmenna og stjórnkerfisins“ (Evrópusambandið 2001, 8). Ellegar er hætta á því að varanleg gjá myndist milli ungmenna og stjórnvalda á Íslandi.

Einar Mar Þórðarson og Ólafur Þ. Harðarson (2005) skoðuðu hnignun flokkshollustu á Íslandi og hvort að kynslóðabil sé til staðar meðal íslenskra kjósenda í þeim efnum. Í stórum dráttum styður rannsóknin klassísku kenninguna um að með aldrinum aukist flokkshollusta. Einnig benda niðurstöðurnar til að betur megi skýra flokkshollustu íslenskra kjósenda með kynslóð kjósenda en með aldri þeirra og það sé kynslóðarmunur á flokkshollustu. Tengsl kjósenda og stjórnámaflokka hefur verið talin gegna mikilvægu hlutverki í áhrifum á kosningahegðun og hefur flokkshollusta hvatt til þátttöku í kosningum (Einar Mar Þórðarson og Ólafur Þ. Harðarson 2005, 539-545).

Hér að framan hefur verið fjallað um helstu kenningar fræðimanna um hvað kann að hafa áhrif á kosningaþátttöku og skýringar á lækkandi kjörsókn á Vesturlöndunum. Reifaðar voru niðurstöður ýmissa rannsókna sem renndu stoðum undir hina ýmsa áhrifaþætti. Hér á eftir verða settar fram tilgátur í samræmi við þær kenningar sem hafa verið ræddar hér á undan. Síðan verður rætt hvaða aðferðafræði er beitt á þessar tilgátur og hvað kann að hafa áhrif á lækkandi kosningaþátttöku og kjörsókn hérlendis.

3 Tilgátur og aðferð

3.1 Tilgátur

Rannsóknarefni þessar ritgerðar er kosningabátttaka á Íslandi í gegnum tíðina og er tilgangur hennar að reyna varpa ljósi á hvað kann að útskýra lækkandi kosningabátttöku hérlendis. Notuð eru gögn úr Íslensku kosningarannsókninni sem var fyrst framkvæmd í kjölfar Alþingiskosninga árið 1983 og hefur verið endurtekin eftir hverjar kosningar til Alþingis síðan þá. Íslenska kosningarannsóknin (Félagsvísindastofnun Íslenska kosningarannsóknin) er viðamikil rannsókn sem skoðar kosninga- og stjórn málahegðun íslenskra kjósenda. Meðal rannsóknarefna eru lagðar fyrir spurningar um kosningahegðun, afstöðu til lýðræðis, afstöðu kjósenda til stjórn málaflokka, þátttöku kjósenda í prófkjörum ásamt öðrum margvíslegum mállefnum á vettvangi stjórn mála.

Höfuðáherslan í þessari rannsókn minni verður á ungt fólk og nýja kynslóð kjósenda ásamt því að skoða hvaða aðrir áhrifaþættir á kosningabátttöku hafa breyst síðan árið 1983. Skoðað verður hvaða mögulegar orsakir eru fyrir því að kosningabátttaka á Íslandi hefur farið lækkandi og sérstaklega af hverju ungt fólk er ekki lengur að mæta á kjörstað í sama mæli og fyrri kynslóðir. Kaflarnir hér á undan fjölluðu um þá þætti sem kunna að hafa áhrif á kosningabátttöku kjósenda, þróun kosningabátttöku ungs fólks í lýðræðisríkjum Vesturlandanna, hérlendis og víðar, og kenningar sem kunna að skýra hvers vegna ungt fólk er í minna mæli að nýta rétt sinn til að kjósa.

Settar voru fram eftirfarandi tilgátur þar sem sú fyrsta skoðar lækkandi kosningabátttöku yngri kjósenda og hugsanlegt kynslóðabil og hljóðar svo:

1. Kynslóðabil: Yngri kjósendur í dag eru ólíklegri til þess að kjósa heldur en eldri kynslóðir, þegar þeir sem tilheyra eldri kynslóðum voru á sama aldri og þeir sem eru ungir kjósendur í dag.

Tilgáta tvö snýr að aldri svarenda og skoðaði hvort áhrif aldurs á kosningabátttöku hafi breyst síðan 1983. Tilgátur 1 og 2 snúast að hluta til um það sama. Ef að tilgáta 1 reynist studd, ætti tilgáta 2 að vera studd líka. Það sem aðgreinir þær er að það er mögulega um að ræða breytt áhrif aldurs, án kynslóðaskipta en þá væri tilgáta 2 studd en ekki tilgáta 1. Tilgáta 1 er um kynslóðaáhrif á meðan tilgáta 2 er um æviskeiðsáhrif. Við getum gert okkur í hugarlund að áhrif aldurs hafi breyst þar sem yngri kjósendur í dag eru ólíklegri til að kjósa samanborið við yngri kjósendur áður fyrr. Ef sú er raunin þá er um að ræða breytt æviskeiðsáhrif sem lýsa sér

Þannig að yngri kjósendur eru að koma seinna inn á kjósendamarkaðinn (eru til dæmis lengur í foreldrahúsum, að feta menntavegin og svo framvegis) en þegar þeir eru farnir að taka meiri þátt í samfélaginu þá byrji þeir að kjósa til jafns við eldri kjósendur. Þá væri eingöngu um að ræða breytt æviskeiðsáhrif en ekki kynslóðabil.


2. Áhrif aldurs á kosningaþátttöku hefur breyst frá árinu 1983 til 2017. Kosningaþátttaka í eldri aldurshópum hefur haldist nokkuð stöðug á meðan yngri kjósendur kjósa í enn minn mæli en áður fyrr.

Þriðja tilgátan skoðar samvirkniáhrif á milli áhuga á stjórnmálum og kosningaárs til að sjá hvort áhrif stjórnmálaáhuga á kosningaþátttöku hefur breyst undanfarin ár. Það er ekki hægt að taka því sem gefnu, líkt og var hægt áður fyrr, að þeir sem eru áhugasamir um stjórnmál mæti á kjörstað til að kjósa. Mögulega hafa þeir fundið aðra og nýja farvegi fyrir þátttöku sína í stjórnmálum sem hefur verið kallað hin „nýju stjórnmál“.

3. Áhrif áhuga á stjórnmálum á kosningaþátttöku hafa veikst frá 1983 til 2017.

3.2 Aðferð

Í þessari rannsókn er notast við Íslensku Kosningarannsóknina (ÍsKos) sem hefur verið, líkt og áður var tekið fram, framkvæmd frá árunum 1983-2017. Líkt og raunin er oft með kannanir á kosningaþátttöku þá er kjörsókn oft ofmetin í könnunum, mögulegar ástæður kunna að vera að þeir sem hafa meiri áhuga á stjórnmálum og eru líklegri til að kjósa eru einnig líklegri til að taka þátt í þessum könnunum. Þeir sem kjósa ekki eru þannig sérstaklega ólíklegir til að taka þátt í spurningakönnunum. Einnig kann misræmi að vera vegna þess að það er litið á það sem samfélagslega æskilegt að kjósa og fólk segist þá hafa kosið til að líta betur út (Jackman og Spahn 2014, 3-5 og 13-14; DeBell o.fl. 2018, 23-24). Í gögnum Íslensku kosningarannsóknarinnar er kosningaþátttaka svarenda ofmetin þar sem hlutfallslega fleiri segjast hafa kosið heldur en hlutfall kjörsóknar í hverjum kosningum. Árið 2017 í Alþingiskosningum sögðust 94,5% svarenda Íslensku kosningarannsóknarinnar hafa kosið en kjörsókn það ár var einungis 81,2%.



Mynd 1. Kosningabátttaka samkvæmt gögnum Íslensku kosningarannsóknarinnar samanborið við opinberar tölur um kjörsókn

Vegna þessa misræmis, þar sem hlutfallslega fleiri svarendur Íslensku kosningarannsóknarinnar segjast hafa kosið samanborið við opinberar tölur um kjörsókn, þá er í þessari rannsókn leiðrétt fyrir kosningabátttöku í ÍsKos þar sem gögnin eru vigtuð miðað við raunkjörsókn. Það þýðir að í öllum greiningum sem gerðar eru í þessari ritgerð, þar sem beitt er ályktunartölfræði (í þessu tilfalli aðhvarfsgreining) vega svör þeirra sem kusu aðeins minna á móti svörum þeirra sem kusu ekki. Með þessu móti er leiðrétt fyrir kjörsókn og svörin endurspegla hlutföllin eins og þau eru í þýðinu, sem eru allir þeir einstaklingar sem hafa kosningarétt á Íslandi í hverjum kosningum³.

Eins og fyrr segir voru greind gögn úr Íslensku kosningarannsókninni frá 1983 – 2017, eða samtals 11 kosningar (1983, 1987, 1991, 1995, 1999, 2003, 2007, 2009, 2013, 2016 og 2017). Sameinað gagnasafn telur 16.865 einstaklinga. Rannsóknin var símakönnun, en að hluta til póstkönnun 1987, og var að hverju sinni lögð í kjölfar kosninga til Alþingis. Áherslan í þessari rannsókn er hvort að sjá megi þetta umtalaða kynslóðabil og áhrif þess á kosningabátttöku hér heima fyrir líkt og niðurstöður erlendis frá sýna.

Fylgibreyta rannsóknarinnar var þátttaka svarenda í Alþingiskosningum og var hún metin með spurningunni: „*Kaust þú í Alþingiskosningunum [DAGSETNING] síðastliðinn?*“ (0 = nei; 1

³ Vigtin var reiknuð með því að deila kosningabátttöku samkvæmt ÍsKos með raunkjörsókn og með þeim hætti búin til vigtunarbreyta, bæði fyrir þá sem kusu og þá sem kusu ekki. Var þetta gert fyrir hvert ár og voru SPSS gögnin vigtuð með þessum vigtunarbreytum.

= já). Þar sem [DAGSETNING] er mismunandi milli ára eftir því á hvaða degi kosningar voru. Líkt og áður var tekið fram þá er einnig búið að leiðrétta fyrir misræmi í kjörsókn miðað við tölur frá Hagstofu Íslands með vigtunarbreytu.

Til að greina kynslóðabil í fyrstu tilgátunni þá eru svarendur flokkaðir í fimm kynslóðir. Þessi bil voru notuð þar sem að miðað var við að það væri nægilegur fjöldi svarenda sem tilheyrði hverri kynslóð til þess að hægt væri að framkvæma greininguna. Fyrsta kynslóðin nær fram yfir seinna stríð og eru einstaklingar fæddir 1900 til 1946 (25,4% svarenda), önnur kynslóðin frá 1947 til 1959 (24,9%), þriðja kynslóðin frá 1960-1972 (24,9%), fjórða kynslóðin frá 1973-1983 (14,7%) og síðasta kynslóðin og jafnframt sú yngsta samanstandur af einstaklingum fæddum frá 1984-1999 (10,2%). Yngsta kynslóðin verður notuð til samanburðar við þær eldri til reyna varpa ljósi á hvort hún virðist ólíklegri til að kjósa en þær eldri.

Tilgáta tvö sneri að aldri svarenda og tengslum við þátttöku svarenda í alþingiskosningum. Tilgátur eitt og tvö eru að hluta til um það sama en hér á undan var greint frá grundvallar muninum á milli þeirra. Tilgáta tvö notaði samvirknibreytu til að skoða hvort samvirkniáhrif séu á milli aldurs svarenda og kosningaárs til að sjá hvort að áhrif aldurs á kosningaþátttöku hafi breyst frá árinu 1983 til 2017.

Þriðja tilgátan lagði fram spurninguna: „*Telur þú þig hafa mjög mikinn áhuga á stjórnámálum, mikinn áhuga, nokkurn áhuga, lítinn áhuga, eða hefur þú engan áhuga á stjórnámálum?*“ og mældi stjórn málaáhuga. Svarkvarðinn var frá 1 (mjög mikinn áhuga) til 5 (engan áhuga). Aftur er verið að skoða áhrif samvirkni á milli kosningaárs og áhuga á stjórnámálum til að reyna greina hvort að áhrif stjórn málaáhuga svarenda á kosningaþátttöku hafi breyst frá því árið 1983.

Til viðbótar við þessar helstu áhrifabreytur rannsóknarinnar voru teknar inn eftirfarandi breytur til að leiðrétta fyrir áhrifum þeirra. Stýrt var fyrir trausti svarenda gagnvart stjórnámálamönnum (1 = yfirleitt treystandi; 5 = engum treystandi). Menntun svarenda var tekin inn í myndina og skipt í tvær vísibreytur þar sem samanburðarhópurinn var grunnskólamenntun; vísibreyta 1 var fyrir svarendur sem hafa lokið framhaldsskólaprófi eða iðnnámi og vísibreyta 2 var fyrir svarendur sem hafa lokið háskólanámi. Leiðrétt var fyrir flokkshollustu, hvort svarandi sé stuðningsmaður flokks eða ekki (0=Nei, ekki stuðningsmaður flokks: 1 = Já, er stuðningsmaður flokks). Þessi breyta er ekki til í gögnum fyrir kosningarnar árið 2007 og var önnur breyta notuð í staðinn það ár sem spurði hvort svarandi liti svo á að


hann stæði nærri flokki. Einnig var stýrt fyrir hjúskaparstöðu einstaklings (0 = einhleypir; 1 = í sambúð eða í hjónabandi). Að lokum var stýrt fyrir áhrifum kosningaárs. Einnig var í fyrstu tilgátunni bætt inn breytunni aldur í öðru veldi til að leiðrétta fyrir sveiglínuáhrifum aldurs. Sveiglínuáhrif aldurs lýsa sér þannig að líkindi á að kjósa hækka með aldrinum en svo á ákveðnum punkti þá fara áhrifin aftur niður á við, þar sem það er ólíklegra að einstaklingur kjósi þegar hann er orðinn ákveðið gamall, til dæmis vegna heilsufarsbrests.

4 Niðurstöður og umræður

Í upphafi þessarar ritgerðar voru sett fram markmið hennar sem er að skoða hvort greina megi ákveðið kynslóðabil í kosningaþátttöku hérlendis, og tengsl aldurs og stjórn málaáhuga við það að kjósa. Í kaflanum hér á undan voru settar fram spurningar í tengslum við þær tilgátur sem eru lagðar fram í rannsókninni. Með tilgátunum er reynt að varpa ljósi á þróun kosningaþátttöku hérlendis og reyna að skýra hvað kann að orsaka lækkun hennar. Farið er yfir og niðurstöður greindar úr þeim greiningum sem keyrðar voru til að svara hverri tilgátu fyrir sig. Skoðað er hvaða þýðingu niðurstöðurnar hafa og þær síðan settar í fræðilegt samhengi.

4.1 Tilgáta um kynslóðabilið

Líkt og áður hefur komið fram þá hefur aldur eitt besta forspágildið fyrir kosningaþátttöku og því var ákveðið að skoða þróun kjörsóknar eftir aldurshópum frá 1983 til 2017. Bláu línurnar tákna eldri aldurshópana, sú rauða yngsta aldurshópin (18-29 ára) og appelsínugula línan tákna meðaltal kjörsóknar samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands (Hagstofa Íslands Kosningaþátttaka í Alþingiskosningum 1874-2017).



Mynd 2. Kjörsókn í Alþingiskosningum skipt eftir aldurshópum frá 1983-2017.

Líkt og fjallað hefur verið um á undan í þessari ritgerð þá er kjörsókn yngsta aldurshópsins töluvert lægri en þeirra eldri. Þó að kjörsókn allra aldurshópa fari minnkandi virðist breytingin vera mest hjá kjósendum á aldrinum 18-29 ára. Kjörsókn jókst árið 2003 hjá öllum aldurshópum, um að meðaltali 3-4 prósentustig og síðan var aftur örlítill aukning árið 2009, þessi aukning í kjörsókn var mest hjá yngsta aldurshópnum, 18-29 ára, um 6 prósentustig. Þróunin virðist þó í meginráttum vera lækkandi kosningaþátttaka. Mesta fallið hjá yngsta aldurshópnum er frá því að vera 83,6% árið 2003 niður í 73,5% árið 2007, lækkun um rúmlega tíu prósentustig. Þessa lækkun má líka sjá hjá öðrum aldurshópum en hún er ekki eins mikil. Almenna þróunin er lækkandi kosningaþátttaka yfir tíma þó svo að það sé flökt á milli einstakra ára, líkt og milli 2007 og 2009. Þessi gögn gefa þannig vísbendingar um að kosningaþátttaka yngri kjósenda sé ekki bara mun minni en annarra aldurshópa en einnig að hún hefur minnkað meira en hjá eldri aldurshópum.

Aðhvarfsgreining gengur út á að skoða áhrif frumbreytu á fylgibreytu. Í aðhvarfsgreiningu hlutfalla er fylgibreytan tvískipt nafnbreyta og frumbreyturnar eru rað- og/eða talnabreytur. Það þýðir að út frá þeim gildum sem frumbreyturnar taka getum við spáð fyrir um hvort gildið á fylgibreytunni einstaklingur er líklegt að taka, til dæmis hvort einstaklingur er líklegri til að kjósa eða ekki þegar fylgibreytan er hvort einstaklingur kaus (Field 2009, 265). Til að skoða hvort að lækkun kosningaþátttöku megi útskýra vegna kynslóðabreytinga, líkt og margir fræðimenn hafa skrifað um, var keyrð aðhvarfsgreining þar sem fylgibreytan var hvort svarandi kaus eða ekki. Til þess þá framkvæmum við aldurs-tímabils-kynslóða greiningu (e. age-period-cohort analysis) sem er aðferð sem hefur verið notuð til að greina á milli áhrifa aldurs, tímabils og kynslóða. Til að ákvarða þetta þá þurfum við að bera saman kjörsókn mismunandi kynslóða á mismunandi tímamarki til að greiða úr (e. disentangle) milli líftíma- og kynslóðaáhrifa (Blais o.fl. 2004, 221-223; Einar Mar Þórðarson og Ólafur Þ. Harðarson 2005, 544; Wass 2007, 648-650). Eins og fram kom í fyrri kafla var sverendum skipt upp í fimm hópa eftir hvaða kynslóð þeir tilheyra. Kynslóðarbreytunum var breytt í vísbreytur þar sem samanburðarhópurinn var yngsta kynslóðin, 1984-1999, til að sjá hvort mun megi sjá á þeirri kynslóð og þeim eldri. Til viðbótar var stýrt fyrir kosningarári og aldri svarandi til að leiðrétta fyrir áhrifum þeirra. Einnig var bætt inn í greininguna aldri í öðru veldi til að leiðrétta fyrir sveiglínuáhrifum aldurs. Sveiglínuáhrifin lýsa sér þannig að líkurnar á að kjósa hækka með aldrinum en svo á ákveðnum tímamarki þá snýst þróunin við, þar sem það er ólíklegra að einstaklingur kjósi þegar hann er kominn yfir ákveðinn aldur, til dæmis vegna heilsufars.

Í töflu 1 má sjá niðurstöður greiningarinnar en taflan styrkir tilgátuna um kynslóðaráhrifin þar sem að kynslóðarbreyturnar eru marktækar. Því virðist vera að eldri kynslóðirnar fjórar séu líklegri til að kjósa en sú yngsta. Nagelkerke R Square er lágt, sem bendir til þess að frumbreyturnar í líkaninu skýra lítið í breytileika fylgibreytunnar. Við þessu var búist þar sem einungis er verið að leita eftir áhrifum aldurs á kosningabátttöku (Blais 2004, 222-227). Það væri hægt að bæta inn í greininguna breytum líkt og flokkshollustu, menntun og áhuga á stjórnmálum sem hafa áhrif á kosningabátttöku. Það er ekki í samræmi við þessa tilgátu þar sem markmiðið er að ganga úr skugga um bein áhrif kynslóðabils að teknu tillit til áhrifa aldurs og tímabils (kosningaár). Viðbótarbreyturnar myndu hjálpa okkur að skilja af hverju yngsta kynslóðin virðist vera ólíklegri til að kjósa og hvers vegna þessi kynslóðaáhrif eru til kominn en ekki til að skera úr um að þessi kynslóðaáhrif séu fyrir hendi.

Tafla 1. Kosningaár, aldur, aldur í öðru og kynslóð svarenda

	B	(S.E.)
Kosningaár	-.038***	(.015)
Aldur	.100***	(.010)
Aldur*aldur	-.001***	(.000)
Kynslóð, viðmiðunarhópur: 1984-1999		
1900-1946	.659**	(.243)
1947-1959	.651***	(.177)
1960-1972	.574***	(.131)
1973-1983	.259**	(.096)
Fasti	-.690	(.157)
N	15561	
Nagelkerke pseudo R2	0.065	

*Fylgibreyta er hvort að svarandi kaus (1) eða kaus ekki (0)

Marktektarmörk: +p<0.1; *p<0.05; **p<0.01 ***p<0.001

Niðurstöðurnar styðja því við tilgátuna um að kynslóðaskipti hafi myndast. Kynslóðabil og nýjar kynslóðir kjósenda eru ekki að nýta kosningarrétt sinn í sama mæli og fyrri kynslóðir. Kjörsókn milli kynslóða er mismunandi þegar við berum yngri kynslóðir saman við eldri kynslóðir á sama aldri. Þetta er í samræmi við og styður við niðurstöður ýmissa annarra fræðimanna, til að mynda Blais (2004), Fieldhouse og Cutts (2012) og Phelps (2004) sem allir hafa sýnt fram á þetta kynslóðabil. Þessar niðurstöður gera okkur kleift að draga þá ályktun að hægt sé að rekja lækkandi kosningabátttöku til kynslóðaáhrifa. Þessi túlkun á niðurstöðum

vekur upp aðra spurningu: Hvers vegna eru nýjar kynslóðir að kjósa í minna mæli en forverar þeirra?

Möguleg ástæða fyrir þessum kynslóðaáhrifum er breytt viðhorf ungs fólks gagnvart pólitík, þau hafi neikvæðara viðhorf og finnist hefðbundin stjórnámál vera fjarlæg og óviðkomandi lífi sínu. Ungu fólki finnist þau ekki geta haft áhrif á stjórnámál. Hinn póllinn er að ungir kjósendur hafi hallast frá hefðbundinni þátttöku í stjórnámálum og aðhyllist þátttöku í stjórnámálum á víðtækari forsendum en þátttaka innan stjórnámálaflokka eða í kosningum gefa kost á. Fræðimenn hafa deilt um hvort að lækkandi kosningaþátttöku megi rekja til minni áhuga yngri kynslóða á stjórnámálum. Það kann að hafa áhrif að ungt fólk í dag er komið styttra á lífsleiðinni. Þó má einnig velta fyrir sér hvort að stjórnálaáhugi ungs fólks hafi ekki minnkað heldur hafi áhrif áhuga á kosningaþátttöku einfaldlega minnkað. Fjallað verður betur um þessa útskýringu í tilgátu 3. Annar áhrifaþáttur kann að vera að ungt fólk sjái kosningarétt sinn öðrum augum en eldri kynslóðir, þau sjá hann einungis sem rétt sinn en ekki borgaralega skyldu og eru því ekki eins skyldurækin að kjósa. Einnig gæti spilað inn í þessa þróun aukin pólitísk hæfni borgaranna og aukið aðgengi að upplýsingum um stjórnámál, ný kynslóð ætli sér einfaldlega meira en að vera bara atkvæði.

4.2 Tilgáta um breytt áhrif aldurs

Tilgáta 2 var á þann veg að megináhrif aldurs á kosningaþátttöku hafi breyst undanfarin ár, til dæmis vegna kynslóðaráhrifa og lækkandi kosningaþátttöku ungs fólks. Til að prófa tilgátu 2 var keyrð aðhvarfsgreining þar sem tvígilda fylgibreytan er kosningaþátttaka og frumbreytur eru kosningaár, aldur, flokkshollusta, áhugi á stjórnámálum, traust til stjórnámálamanna, menntun og hjúskaparstaða, niðurstöðurnar má sjá í töflu 2. Upplýsingar um hvernig þessar breytur eru mældar og kóðaðar má sjá í viðauka aftast í ritgerðinni. Keyrð voru þrjú líkön í aðhvarfsgreiningunni. Í líkani 1 eru frumbreyturnar kosningaár, aldur, flokkshollusta, áhugi á stjórnámálum, traust til stjórnámálamanna, menntun og hjúskaparstaða. Sömu breytur voru í líkani 2 en þar var bætt við samvirknibreytu sem skoðaði samvirkni milli aldurs og kosningaárs til að sjá hvort megináhrif aldurs á kosningaþátttöku hafi breyst frá því árið 1983. Í líkani 3 var síðan bætt við samvirknibreytu sem skoðaði samvirkniáhrif milli stjórnálaáhuga og kosningaárs til að sjá hvort megináhrif stjórnálaáhuga hafi breyst frá því árið 1983, sem verður fjallað um í tilgátu 3. Í töflu 2 má sjá að frumbreyturnar í líkani 1 í aðhvarfsgreiningunni

skýra ,209 í breytileika fylgibreytunnar samkvæmt Nagelkerke R Square. Í líkani 2 samkvæmt Nagelkerke R Square skýra frumbreytunnar ,211 í breytileika fylgibreytunnar, og ,215 í líkani 3.

Fyrst verður fjallað um niðurstöður stýribreytanna þrátt fyrir að ekki voru settar fram tilgátur um þær. Traust til stjórnámálanna er marktæk breyta og hefur neikvætt samband við það hvort svarandi kaus eða ekki þegar búið er að stýra fyrir öðrum breytum. Hærra gildi á breytunni, traust til stjórnámálanna, þýðir minna traust til stjórnámálanna og með hærra gildi eru svarendur ólíklegri til þess að kjósa, að teknu tilliti til hinna frumbreytanna í líkaninu. Því minna traust sem svarandi ber til stjórnámálanna, því ólíklegri er hann til þess að hafa kosið. Flokkshollusta er einnig marktæk breyta en þeir einstaklingar sem teljast flokkshollir eru líklegri til að kjósa heldur en þeir sem eru það ekki, þegar búið er að stýra fyrir öðrum breytum. Hærra gildi í breytunni, áhugi á stjórnámálum, þýðir minni áhugi á stjórnámálum. Því minni áhuga sem fólk hefur á stjórnámálum, því ólíklegri er það til þess að hafa mætt á kjörstað og kosið. Háskólamenntun er marktæk breyta og hefur jákvæð tengsl við það hvort svarandi kaus eða ekki, að teknu tilliti til hinna frumbreytanna. Með öðrum orðum, þá eru þeir sem eru með háskólamenntun líklegri til þess að hafa kosið samanborið við þá sem eru með grunnskólamenntun. Sömu niðurstöðu mátti ekki finna hjá þeim sem eru með framhaldsskólamenntun eða hafa lokið iðnnámi þar sem sú breyta var ekki marktæk. Hjúskaparstaða svarenda er einnig marktæk breyta og hefur jákvæð tengsl við það hvort svarandi kaus eða ekki, þegar búið er að stýra fyrir hinum frumbreytunum. Þeir sem eru í sambúð eða hjónabandi eru þannig líklegri til þess að kjósa heldur en þeir sem eru einhleypir. Áttin á þeim samböndum sem eru marktæk er eins og við var búið og þessar niðurstöður í samræmi við það sem kom fram í kenningakaflanum. Einnig er vert að taka fram að marktekt og átt þessara sambanda breytist ekki á milli líkana.

Í líkani 1 hefur kosningaár marktæk áhrif þar sem líkur svarenda á að hafa kosið fara lækkandi með hverjum kosningum, þegar búið er að stýra fyrir öðrum breytum. Þetta er í samræmi við að kjörsókn hefur farið lækkandi frá því árið 1983. Aldur svarenda hefur einnig marktæk áhrif og jákvætt samband við það hvort að svarandi kaus eða ekki, þegar búið er að stýra fyrir hinum frumbreytunum. Því er hægt að álykta að eldri svarendur eru líklegri til þess að hafa kosið. Síðan var bætt við samvirknibreytu sem skoðaði samvirkni milli kosningaárs og aldurs og sjá má í líkani 2, til að sjá hvort að áhrif aldurs á kosningaþátttöku hafi breyst frá

Tafla 2. Kosningaár, aldur, áhugi á stjórnámálum, traust til stjórnámálanna, menntun, hjúskaparstaða og hvort svarandi kaus eða ekki ásamt samvirknibreytum


	Líkan 1	Líkan 2	Líkan 3
	B	B	B
	(S.E.)	(S.E.)	(S.E.)
Kosningaár	-.108*** (.009)	-.192*** (.023)	-.222*** (.037)
Aldur	.011*** (.002)	.001 (.003)	.011*** (.002)
Áhugi á stjórnámálum	-.610*** (.032)	-.608*** (.059)	-.793*** (.066)
Flokkshollusta	.615*** (.059)	.630*** (.059)	.612*** (.059)
Traust til stjórnámálanna	-.333*** (.031)	-.332*** (.031)	-.332*** (.031)
Menntun			
Framhaldsskólanám/iðnnám	.088 (.059)	.082 (.059)	.085 (.059)
Háskólamenntun	.269** (.086)	.269** (.086)	.272** (.086)
Hjúskaparstaða	.774*** (.054)	.774*** (.054)	.774*** (.054)
Kosningaár * aldur		.002*** (.000)	
Kosningaár * áhugi á stjórnámálum			.033*** (.010)
Fasti	4.182 (.166)	4.638 (.202)	4.830 (.264)
N	14074	14074	14074
Nagelkerke pseudo R2	0.209	0.211	0.215

*Fylgibreyta er hvort að svarandi kaus (1) eða kaus ekki (0)

Marktektarmörk: +p<0.1; *p<0.05; **p<0.01 ***p<0.001

Því árið 1983. Við getum ályktað að um samvirk áhrif sé að ræða þar sem að samvirknibreytan er marktæk. Það virðist því vera að megináhrif aldurs á kosningaþátttöku hafi breyst frá því árið 1983. Þar sem samvirknibreytan var marktæk var ákveðið að skoða forspálíkur hjá þrem aldurshópum, 18 ára, 44 ára og 70 ára. Til að ákveða aldurshópana var tekinn meðalaldur svarenda og síðan 1,5 staðalvillu frá meðalaldri í sitthvora áttina, eldri og yngri.

Megináhrif aldurs á forspálíkur þess að hafa kosið eru ólík eftir kosningaárum sem segir okkur að um samvirk áhrif séu að ræða. Mynd 3 sýnir okkur hvernig að forspálíkur aldurs á kosningaþátttöku hefur breyst yfir tíma. Breytingin á líkum þess að kjósa er minnst meðal þeirra sem eru 70 ára gamlir; árið 1983 voru líkur þess að 70 ára einstaklingur myndi kjósa 88% en árið 2017 voru líkurnar 82%, það munar því 6 prósentustigum. Þegar þetta er borið saman við breytinguna á forspálíkum 18 ára kjósenda, þá er breytingin mun meiri. Árið 1983 voru 89% líkur á að 18 ára einstaklingur myndi kjósa en fór niður í 62% líkur árið 2017, samtals 27 prósentustiga munur. Breytingin hjá 44 ára kjósenda er 14 prósentustig, frá 88% árið 1983 niður í 74% árið 2017. Einnig sjáum við að breytingin á forspálíkum aldurs að hafa kosið árið 1983 er lítil sem enginn, eða 1% prósentustig (88 og 89%). Þetta er svo lítil munur að það er



Mynd 3. Forspálíkur aldurs á kosningaþátttöku eftir kosningaári⁴

⁴ Forspágildi var reiknað og öðrum breytum haldið föstum fyrir. Tölu- og raðbreytum var haldið föstum í meðaltali, traust til stjórnmalamanna og áhuga á stjórnmalum. Nafna og vísibreytum var gefið sama gildi: með háskólamenntun (1), hjúskaparstaða er einhleypur (0), flokkshollusta er neikvæð (0) og vísibreyta um framhaldsskólamenntun var einnig neikvæð (0). Þannig er búið að stýra fyrir öðrum áhrifabreytum í greiningunni.

ekki hægt að halda því fram að einn aldurshópur sé líklegri en annar að kjósa. Aftur á móti er munurinn á forspálíkum eftir aldri töluverður árið 2017 þar sem munurinn er 8 prósentustig milli 70 ára og 44 ára, 12 prósentustig milli 44 ára og 18 ára og á milli 18 ára og 70 ára er munurinn heil 20 prósentustig. Með þessu móti sjáum við að forspálíkur aldurs á kosningabátttöku hafa tekið miklum breytingum frá árinu 1983, og sérstaklega hjá 18 ára kjósendum. Munurinn á forspálíkum aldurs á kosningabátttöku er því meiri milli aldurshópa árið 2017 heldur en hann var árið 1983.

Þessar niðurstöður koma ekki á óvart þar sem margar rannsóknir, sem greint var frá í fræðikaflanum hér á undan, hafa sýnt fram á lága kosningabátttöku ungs fólks. Niðurstöðurnar eru í samræmi við tilgátu tvö sem sett var hér fram, og þær renna einnig stoðum undir tilgátuna um að myndast hafi kynslóðabil en út frá öðru sjónarhorni. Samvirkniáhrifin segja okkur hvernig áhrif aldurs á kosningabátttöku hafi breyst frá 1983 til 2017, líkt og sjá má á mynd 3. Áhugavert er að sjá að breytingin er mest hjá yngsta aldurshópnum en breytingin verður síðan minni með hækkandi aldri, sem styður við niðurstöður þessarar rannsóknar varðandi kynslóðabilið og áhrifin af því. Aldur hefur lengi haft sterkt forspágildi á kosningabátttöku einstaklinga en sú þróun sem virðist vera eiga sér stað með kynslóðabilinu gefur til kynna að kosningabátttöku einstaklinga muni ekki hækka með aldrinum að eins miklu marki og áður fyrr. Út frá þessari túlkun á niðurstöðum þá virðist vera að þessi nýja kynslóð skilji eftir sig „fótspor“ lágrar kosningabátttöku, líkt og áður hefur verið fjallað um.


Staðsetning einstaklinga á lífsleiðinni gæti einnig spilað inn í þar sem bent hefur verið á að nýjar kynslóðir séu komnar styttra á lífsleiðinni en fyrri kynslóðir voru á sama aldri. Líkt og fjallað var um í fræðikaflanum þá hafa fræðimenn vakið athygli á því að ungt fólk virðist vera að fullorðnast hægar, búa lengur heima og hagsmunir þeirra í samfélaginu séu minni. Með minni hagsmuni í samfélaginu hafa þau minni hvata til þátttöku í kosningum þar sem það er minna undir og þau eru að sama skapi ekki eins innlimuð í samfélagið og hinir sem eldri eru. Hægt er að draga þá ályktun að þetta gæti verið raunin hérlandis þar sem einstaklingar eru ekki að henda sér jafn snemma á vinnumarkaðinn og fyrri kynslóðir, og búi lengur í foreldrahúsum. Út frá þessari túlkun þá er ekki við ungt fólk að sakast heldur virðist samfélagið vera breytast og þurfa stjórnámál og stofnanir samfélagsins að fylgja í takt.

4.3 Tilgáta um breytt áhrif stjórnmálaáhuga


Þriðja tilgátan sneri að stjórnmálaáhuga og hvort megináhrif stjórnmálaáhuga á kosningabátttöku hafi breyst frá árinu 1983. Því minni áhuga sem fólk hefur á stjórnmálum, því ólíklegra er að það hafi kosið. Til þess að prófa tilgátu 3 var aftur keyrð aðhvarfsgreining og niðurstöðurnar má sjá í líkani 3 í töflu 2, þar sem búið er að bæta inn samvirknibreytu sem skoðaði samvirk áhrif milli kosningaárs og áhuga á stjórnmálum til að skoða hvort megináhrif áhuga á stjórnmálum á kosningabátttöku hafi tekið breytingum frá 1983. Samvirknibreytan er marktæk svo við getum ályktað að um samvirk áhrif sé að ræða. Þegar samvirknibreytunni er bætt við módelið þá haldast breyturnar kosningaár og áhugi á stjórnmálum enn marktækar.

Megináhrif áhuga á stjórnmálum á forspálíkur þess að hafa kosið er ólík eftir kosningaárum sem segir okkur að um samvirk áhrif sé að ræða. Þessi samvirku áhrif eru ekki mjög afgerandi, líkt og samvirkni áhrifin í tilgátu 2, en þau eru samt sem áður marktæk. Hjá svarendum sem segjast vera með mjög mikinn áhuga á stjórnmálum er breytingin 5 prósentustig á milli 1983 og 2017. Breytingin verður svo meiri með lækkandi áhuga á stjórnmálum og hjá þeim sem eru með lítinn áhuga er hann 12 prósentustig, og þeim sem eru með engan áhuga 11 prósentustig. Einnig sjáum við að munurinn á forspálíkum áhuga á stjórnmálum er 19 prósentustig árið 1983, milli kjósenda með mjög mikinn áhugi (1) og engann áhuga (5). Árið 2017 er þessu munur 25 prósentustig. Við sjáum á þessum niðurstöðum að forspálíkur áhuga á stjórnmálum á kosningabátttöku hafa tekið breytingum frá 1983, og er breytingin meiri með minni stjórnmálaáhuga svarenda.

Þessar niðurstöður gefa til kynna að áhrif áhuga á stjórnmálum á kosningabátttöku hafi breyst frá því árinu 1983 til ársins 2017. Breytingin er minnst hjá þeim sem eru með mikinn áhuga á stjórnmálum en er síðan meiri því minni áhuga sem einstaklingur hefur og mest er breytingin hjá þeim sem segjast vera með engan áhuga á stjórnmálum. Áhugavert væri að skoða þessa þróun á áhrifum stjórnmálaáhuga á kosningabátttöku milli mismunandi aldurshópa á milli ára. Líkt og sjá má á mynd 5 þá hefur áhugi á stjórnmálum haldist nokkuð stöðugur hjá öllum aldurshópum, þó með flökti á milli ára, og ekki farið lækkandi líkt og kosningabátttaka. Þessar niðurstöður benda til þess að áhugi á stjórnmálum hefur veikari tengsl við kosningabátttöku árið 2017 en árið 1983 og er ekki jafn öflugur vísir að kosningabátttöku og hann var. Stjórnmálaáhugi ungs fólks virðist þannig ekki hafa minnkað í takt við lækkandi kosningabátttöku.



Mynd 4. Forspálíkur áhuga á stjórnámálum á kosningabátttöku eftir kosningarári⁵



Mynd 5. Meðaltal áhuga á stjórnámálum eftir aldurshópum frá 1983 til 2017

⁵ Forspágildi var reiknað og öðrum breytum haldið föstum fyrir. Tölu- og raðbreytum var haldið föstum í meðaltali, traust til stjórnámálanna og áhuga á stjórnámálum. Nafna og vísibreytum var gefið sama gildi: með háskólamenntun (1), hjúskaparstaða er giftur eða í sambúð (1), flokkshollusta er neikvæð (0) og vísibreyta um framhaldsskólamenntun var einnig neikvæð (0). Þannig er búið að stýra fyrir öðrum áhrifabreytum í greiningunni.

Hægt er að draga þá ályktun að ungt fólk hafi ekki aðlagast að hefðbundinni þátttöku í stjórnámálum og aðhyllist frekar öðruvísi þátttöku í stjórnámálum. Einnig benti könnunin „Ungt fólk 2010“ sem fjallað var um hér í kaflanum á undan til þess að almenn þátttaka í félagslífi og félagastarfi fari minnkandi. Þessi túlkun rennir stoðum undir kenninguna um að ungt fólk er í fararbroddi „nýrra stjórnamála“ sem er með öðruvísi viðhorf og gildi, og áhugi þeirra hefur þróast í kringum málefni eins og umhverfismál og sjálfsmýnd einstaklinga. Þessi nýju stjórnámál hafa verið talin endurspegla gildi og viðhorf nýrrar kynslóðir og eru einnig til marks um breyttan lífsstíl þeirra og vandamál. Ef þetta er raunin þá virðist þróunin vera að óhefðbundin þátttaka í stjórnámálum verði venjubundin og við getum farið að sjá mikla breytingu á því hvernig fólk velur að taka þátt í stjórnámálum.

5 Lokaorð

Tilgangur þessarar rannsóknar var að rannsaka hvað kann að orsaka lækkandi kosningabátttöku á Íslandi, með sérstaka áherslu á yngri kjósendur þar sem lækkandi kosningabátttaka hefur verið mest áberandi meðal þeirra. Farið var yfir helstu þætti sem hafa áhrif á kosningabátttöku og mynstur sem greina má í helstu rannsóknum á viðfangsefninu. Einn áhrifamesti einstaki þáttur á kosningabátttöku einstaklinga er aldur. Kenning um kynslóðabil hefur mikið verið rannsökuð, sem heldur fram að ákveðin kynslóðaskipti hafi átt sér stað og nýjar kynslóðir séu tregari til að kjósa en fyrri kynslóðir. Fyrsta tilgátan spáði um og rannsakaði hvort greina mætti kynslóðabil í kosningabátttöku á Íslandi vegna kynslóðaáhrifa. Önnur tilgátan hélt áfram að skoða samspil aldurs og kosningabátttöku og spáði fyrir um að áhrif aldurs á kosningabátttöku hafi breyst frá því árið 1983 til ársins 2017. Á meðan kosningabátttaka hefur lækkað töluvert hjá yngri kjósendum þá virðist hún hafa haldist mun stöðugri hjá eldri aldurshópum. Þriðja og síðasta tilgátan skoðaði hvort áhrif stjórn málaáhrifa svarenda á kosningabátttöku hafi breyst undanfarin ár, í ljósi kenninga um að yngri kjósendur hafi horfið frá hefðbundinni þátttöku í stjórn málum.

Niðurstöður þessarar rannsóknar styðja við fyrstu tilgátuna um að greina megi kynslóðabil í kosningabátttöku á Íslandi sem er tilkomið vegna kynslóðaáhrifa. Eldri kynslóðir kjósenda eru líklegri til þess að kjósa heldur en yngsta kynslóðin. Gengið var úr skugga um þessi kynslóðaáhrif að teknu tilliti til aldurs kjósenda og kosningarárs. Þessi kynslóðaáhrif áhrif eru í samræmi við niðurstöður margra fræðimanna og hægt er að færa rök fyrir því að lækkandi kosningabátttöku megi skýra með þessum áhrifum. Þá vaknar upp spurningin hver þessi kynslóðaáhrif séu og hvers vegna ný kynslóð kjósenda er latari við að nýta kosningarrétt sinn. Fræðimenn deila um hvort áhugi ungs fólks á stjórn málum hafi lækkað, eða ungt fólk hallist einfaldlega að víðtækari þátttöku í stjórn málum en hefðbundnu flokkastarfi og þátttöku í kosningum. Ljóst er þó að kynslóðaskipti hafa átt sér stað og ný kynslóð kjósenda hefur stigið fram á sjónarsviðið og er hún ekki eins skyldurækin að kjósa líkt og forverar sínir.

Tilgáta tvö helst að miklu leyti í hendur við þá fyrstu og niðurstöður beggja tilgáta styðja við hvor aðra. Megináhrif aldurs einstaklinga á kosningabátttöku hefur breyst á tímabilinu á milli árana 1983 og 2017 en breytingin hefur verið verið mest hjá yngsta aldurshópnum. Niðurstöðurnar eru í samræmi við þær rannsóknir sem fjallað var um í kenningakaflanum um lækkandi kosningabátttöku ungs fólks. Munurinn á forspálíkum milli aldurshópa er einnig mun

meiri 2017 en hann var 1983, sem styður áhrifin af kynslóðabilinu. Þessi þróun er vísir að því að líkur á kosningaþátttöku einstaklinga muni ekki hækka með aldrinum í sama mæli og fyrri kynslóðir og skilja eftir sig „fótspor“ lágrar þátttöku.

Niðurstöður greiningar rannsóknarinnar voru einnig í samræmi við tilgátu 3 um að áhrif stjórn málaáhuga á kosningaþátttöku hafi breyst frá árinu 1983. Breyting stjórn málaáhuga milli aldurshópa og eftir kosningarárum hefur ekki lækkað á sama hátt og kosningaþátttaka, heldur hefur hann haldist nokkuð stöðugur en með sveiflum milli ára. Það bendir til þess að stjórn málaáhugi er ekki sami vísir að kosningaþátttöku líkt og hann var og hefur veikari tengsl við kosningaþátttöku árið 2017 en hann gerði 1983. Hægt er að draga þá ályktun að ungt fólk hafi ekki aðlagast að hefðbundinni þátttöku í stjórnmálum og komið því upp í vana að kjósa, líkt og fyrri kynslóðir. Við gætum því verið að sjá heildræna breytingu í kosningaþátttöku innan samfélagsins.

Framtíðarrannsóknir gætu miðað að því að reyna skýra betur hvað hefur breyst hjá nýrri kynslóð, sem orsakað hefur það kynslóðabil í kosningaþátttöku, sem greint var í þessari rannsókn. Viðhorf yngri kjósenda gagnvart hefðbundnum stjórnmálum hefur að öllum líkindum breyst en það þyrfti að rannsaka betur hvernig þessi viðhorf eru. Líkt og fjallað var um áður er mjög líklegt að yngri kynslóðir sjái kosningarrétt sinn einungis sem rétt en ekki að það sé borgaraleg skylda þeirra að kjósa. Mögulega finnst þeim einnig hin hefðbundnu stjórnmál vera fjarlæg sér og þau finnst þau ekki geta haft áhrif með hefðbundnum leiðum eða þátttöku. Einnig væri áhugavert að skoða hvernig hinir ýmsu áhrifaþættir, líkt og viðhorf og traust gagnvart stjórnvöldum og stjórnmálum hefur þróast eftir aldurshópum milli kosningarára og hvort finna megi samvirkniáhrif þar á milli.

Stjórnvöld mega ekki horfa framhjá þeirri þróun sem er að eiga sér stað og sitja aðgerðarlaus hjá á meðan gjá myndast milli ungmenna og stjórnvalda á Íslandi, þörf er á að brúa þetta bil. Lausnin þarf ekki endilega að vera að draga ungt fólk á kjörstað. Samfélagið virðist vera að breytast og þurfa stjórnmál og stofnanir samfélagsins að bregðast við þessum breytingum sem yngri kynslóðirnar hafa upplifað og eru hluti af. Því verður vitnað hér aftur í orð Kofi Annan: „Ungt fólk þarf að vera tekið með frá fæðingu. Samfélag sem er ótengt æsku sinni er að skera á líflínu sína“ (Sameinuðu þjóðirnar 1998).

Heimildaskrá

- Bhatti, Yosef, Kasper M. Hansen, og Hanna Wass. 2012. „The Relationship between Age and Turnout: A Roller-Coaster Ride.” *Electoral Studies* 31 (3): 588–93.
doi: 10.1016/j.electstud.2012.05.007.
- Bhatti, Yosef, Kasper M. Hansen, og Hanna Wass. 2016. „First-Time Boost Beats Experience: The Effect of Past Eligibility on Turnout.” *Electoral Studies* 41: 151–58.
doi: 10.1016/j.electstud.2015.12.005.
- Blais, André, Elisabeth Gidengil, Neil Nevitte, og Richard Nadeau. 2004. „Where Does Turnout Decline Come From?” *European Journal of Political Research* 43 (2): 221–36.
doi:10.1111/j.1475-6765.2004.00152.x.
- Blais, André, Louis Massicotte, and Agnieszka Dobrzynska. 2003. *Why Is Turnout Higher in Some Countries than in Others?* Canada: Elections Canada
doi:10.1111/1475-6765.00382.
- Blais, André, og Agnieszka Dobrzynska. 1998. „Turnout in electoral democracies.” *European Journal of Political Research* 33: 239–261.
doi:10.1111/1475-6765.00382
- Blais, André, og R.K. Carty. 1990. „Does proportional representation foster voter turnout.” *European Journal of Political Research* 18: 167–181.
doi:10.1111/j.1475-6765.1990.tb00227
- Blais, André. 2000. *To Vote Or Not To Vote?: The Merits and Limits of Rational Choice Theory.* Pittsburgh, PA: University of Pittsburgh Press.
- Blais, André. 2006. „What Affects Voter Turnout?” *Annual Review of Political Science* 9 (1): 111–125. doi: 10.1146/annurev.polisci.9.070204.105121.
- Campbell, Angus, Philip E. Converse, Warren E. Miller og Donald E. Stokes. 1960. *The American Voter.* Chicago: University of Chicago Press.
- Cox, Michaelene. 2003. „When Trust Matters: Explaining Differences in Voter Turnout.” *Journal of Common Market Studies* 41 (4): 757–770. doi:10.1111/1468-5965.00444.
- Dalton, Russel J. 2002. *Citizen Politics: Public Opinion and Political Parties in advanced industrial democracies.* 3. útgáfa. New Jersey: Chatham House Publishers, Inc.
- Dalton, Russel J. 2008. „Citizenship Norms and the Expansion of Political Participation.” *Political Studies* 56: 76–98. doi: 10.1111/j.1467-9248.2007.00718.x
- Dalton, Russell J. 1996. „Democracy and its Citizens: Pattern of Political Change.” *UC Irvine: Center for the Study of Democracy*: 1–16.
- Dalton, Russell J. 2007. „Partisan Mobilization, Cognitive Mobilization and the Changing American Electorate.” *Electoral Studies* 26 (2): 274–86.
doi: 10.1016/j.electstud.2006.04.009.

- Dalton, Russell J. 2008. "The Quantity and the Quality of Party Systems. Party System Polarization, Its Measurement, and Its Consequences." *Comparative Political Studies* 41 (7): 899-920. doi:10.1177/0010414008315860.
- Dalton, Russell J. 2011. „Youth and Participation Beyond Elections." *Engaging Youth in Politics: Debating Democracy's Future*: 1–14.
- DeBell, Matthew, Jon A. Krosnick, Katie Gera, David S. Yeager og Michael P. McDonald. 2018. „The Turnout Gap in Surveys: Explanations and Solutions." *Sociological Methods & Research*. doi: 10.1177/0049124118769085
- Denver, David. 2003. *Elections and Voters in Britain*. Basingstoke, UK: Palgrave Macmillan.
- Downs, Anthony. 1957. *An Economic Theory of Democracy*. New York: Harper
- Einar Mar Þórðarson og Ólafur Þ. Harðarson. 2005. „Kjósendur á vergangi. Flokkshollusta íslenskra kjósenda." *Rannsóknir í félagsvísindum VI*. Ritstjóri Úlfar Hauksson, 539-547. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Ellis, Andrew. 2004. „Participation and turnout: Relating knowledge and tools of the practical questions facing democratic reformers." *Participation* 28 (3): 6-10.
- Esser, Frank og Claes H. de Vreese. 2015. „Comparing Young Voters ' Political Engagement in the United States and Europe." *American Behavioral Scientist* 50 (9): 1195–1213. doi: 10.1177/0002764207299364.
- Eva H. Önnudóttir og Ólafur Þ. Harðarson. (Óútgefið). „Party identification and its evolution over time: Party systems, voters and education level" í *Research Handbook on Political Partisanship*. Ritstjórar Sören Holmberg og Henrik Oscarsson. Cheltenham: Edward Elgar Publishing.
- Félagsvísindastofnun. 2014. „Íslenska kosningarannsóknin." Síðast uppfært 8. maí 2014. Sótt 20. Mars 2019. http://fel.hi.is/islenska_kosningarannsoknin.
- Field, Andy. 2009. *Discovering Statistics Using SPSS*. 3. útgáfa. London: Sage Publications.
- Fieldhouse, Edward, Mark Tranmer, og Andrew Russell. 2007. „Something about Young People or Something about Elections? Electoral Participation of Young People in Europe: Evidence from a Multilevel Analysis of the European Social Survey." *European Journal of Political Research* 46 (6): 797–822. doi: 10.1111/j.1475-6765.2007.00713.x
- Fieldhouse, Edward, og David Cutts. 2012. "The Companion Effect: Household and Local Context and the Turnout of Young People." *The Journal of Politics* 74 (3): 856-69. doi:10.1017/s0022381612000345.
- Fieldhouse, Edward, og David Cutts. 2016. „Shared Partisanship, Household Norms and Turnout: Testing a Relational Theory of Electoral Participation." *British Journal of Political Science* 48 (3): 807-823. doi: 10.1017/s0007123416000089.

- Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. 2001. *Hvítbók framkvæmdastjórnar ESB : ný sókn í málefnum evrópskra ungmenna Evrópusambandið.*
- Franklin, Mark N., Patrick Lyons, and Michael Marsh. 2004. „Generational Basis of Turnout Decline in Established Democracies.“ *Acta Politica* 39 (2): 115-151.
doi: 10.1057/palgrave.ap.5500060.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna. Þskj. 40, 40. mál, 2017-2018. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*. Sótt 28. Febrúar 2019.
<https://www.althingi.is/altext/148/s/0040.html>
- Geys, Benny. 2006. „Explaining voter turnout: A review of aggregate level research.“ *Electoral Studies* 25 (4): 637-663. doi: 10.1016/j.electstud.2005.09.002.
- Gimpel, J. G., og J. E. Schuknecht. 2003. “Political Participation and the Accessibility of the Ballot Box.” *Political Geography* 22 (5): 471–88. doi: 10.1016/S0962-6298(03)00029-5.
- Gray, Mark, og Miki Caul. 2000. „Declining Voter Turnout in Advanced Industrial Democracies, 1950 to 1997.“ *Comparative Political Studies* 33 (9): 1091-1122.
doi: 10.1177/0010414000033009001.
- Grönlund, Kimmo, og Maija Setälä. 2007. „Political Trust, Satisfaction and Voter Turnout.“ *Comparative European Politics* 5 (4): 400-422. doi:10.1057/palgrave.cep.6110113.
- Hagstofa Íslands. „Kosningabátttaka í Alþingiskosningum 1874-2017.“ Sótt 24. Mars 2019.
https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__kosningar__yfirlit/KOS02001.px/?rxid=4525a502-c29a-494a-b35d-5a0f49a1b3da
- Henn, Matt, Mark Weinstein og Sarah Forest. 2005. „Uninterested Youth? Young People’s Attitudes Toward Party Politics in Britain.“ *Political Studies* 53: 556-578.
- Henn, Matt, Mark Weinstein, og Dominic Wring. 2002. „A Generation Apart? Youth and Political Participation in Britain.“ *The British Journal of Politics and International Relations* 4 (2): 167-192. doi:10.1111/1467-856x.t01-1-00001.
- Huckfeldt, Robert, og John Sprague. 1995. *Citizens, Politics and Social Communication: Information and Influence in an Election Campaign*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Inglehart, Ronald. 1997. *Modernization and Postmodernization: Cultural, Economic Change in 43 Societies*. New Jersey: Princeton University Press.
- Jackman, Robert W., og Ross A. Miller. 1995. “Voter Turnout in the Industrial Democracies during the 1980s.” *Comparative Political Studies* 27 (4): 467–92.
doi:10.1177/0010414095027004001.
- Jackman, Robert. 1987. „Political Institutions and Voter Turnout in Industrial Democracies.“ *The American Political Science Review* 81 (2): 405-423. doi: 10.2307/1961959.

- Jackman, Span, og Bradley Spahn. 2014. „Why does the American National Election Study Overestimate Voter Turnout?“ *Political Analysis* 27 (2): 193-207.
doi: 10.1017/pan.2018.36
- Kimberlee, Richard H. 2010. „Why Don't British Young People Vote at General Elections?“ *Journal of Youth Studies* 5 (1): 85-98. doi:10.1080/13676260120111788
- Kostadinova, Tatiana. 2003. Voter turnout dynamics in post-communist Europe. *European Journal of Political Research* 42: 741-759.
doi: 10.1111/1475-6765.00102
- Landssamband Æskulýðsfélaga. 2013. *Skýrsla LÆF um kjörsókn og samfélagsþátttöku ungmenna á Íslandi*. Reykjavík: Landssamband Æskulýðsfélaga.
- Lincoln, Abraham. „The Gettysburg Address.“ Ræða, Gettysburg, PA, 19. nóvember 1863. *Britannica*. Sótt 12. febrúar 2019. <https://www.britannica.com/event/Gettysburg-Address>
- Lyons, William, og Robert Alexander. 2000. "A Tale of Two Electorates: Generational Replacement and the Decline of Voting in Presidential Elections." *The Journal of Politics* 62 (4): 1014-1034. doi:10.1111/0022-3816.00044.
- Mutz, Diana C., and Jeffery J. Mondak. 2006. "The Workplace as a Context for Cross-Cutting Political Discourse." *The Journal of Politics* 68 (1): 140-155. doi:10.1111/j.1468-2508.2006.00376.x.
- Nie, Norman H., Jane Junn og Kenneth Stehlik-Barry. 1996. *Education and Democratic Citizenship in America*. Chicago: University of Chicago Press.
- Pachecho, Julianna Sandell. 2008. „Political Socialization in Context: The Effect of Political Competition on Youth Voter Turnout.“ *Political Behavior* 30 (4): 415-436.
- Phelps, Edward. 2004. „Young Citizens and Changing Electoral Turnout, 1964-2001.“ *The Political Quarterly* 75 (3): 238-248.
- Plutzer, Eric. 2002. „Becoming a Habitual Voter: Inertia, Resources, and Growth in Young Adulthood." *American Political Science Review* 96 (1): 41-56.
doi:10.1017/s0003055402004227.
- Powell, G. Bingham. 1986. „American voter turnout in comparative perspective.“ *American Political Science Review* 80 (1): 17-43. doi: 10.2307/1957082.
- Quintelier, Ellen. 2007. „Differences in Political Participation between Young and Old People." *Contemporary Politics* 13, (2): 165-180. doi:10.1080/13569770701562658.
- Reykjavíkurborg. 2018. *Skýrsla starfshóps um leiðir til að auka þátttöku í borgarstjórnarkosningum 2018*. Reykjavík: Reykjavíkurborg.
- Rosenstone, Steven J. og John Mark Hansen. 1993. *Mobilization, Participation and Democracy in America*. New York: Macmillan.

Verba, Sydney og Norman H. Nie. 1972. *Participation in America: Political Democracy and Social Equality*. New York: Harper and Row.

Wass, Hanna. 2007. „The effects of age, generation and period on turnout in Finland 1975-2003. *Electoral Studies* 26: 648-659. doi: 10.1016/j.electstud.2007.06.002

Viðauki

Spurningalisti fyrir Íslensku kosningarannsóknina á árunum 1983-2017. Bakgrunnsspurningar, menntunarstig, hjúskaparstaða og aldur svarenda, eru ekki í viðauka.

1. Kautst þú í Alþingiskosningunum [DAGSETNING] síðastliðinn?

[Spurt: 1983, 1987, 1991, 1995, 1999, 2003, 2007, 2009, 2013, 2016, 2017]

0. Nei, kaus ekki
1. Já, kaus
7. Neitar að svara
8. Veit ekki
9. Brottfall / svarar ekki
9995. Ekki spurt / Ekki upplýsingar þetta ár

2. Telur þú þig hafa mjög mikinn áhuga á stjórnámálum, mikinn áhuga, nokkurn áhuga, lítinn áhuga, eða hefur þú engan áhuga á stjórnámálum?

[Spurt: 1983, 1987, 1991, 1995, 1999, 2003, 2007, 2009, 2013, 2016, 2017]

1. Mjög mikinn áhuga
2. Mikinn áhuga
3. Nokkurn áhuga
4. Lítinn áhuga
5. Engan áhuga
7. Neitar að svara
8. Veit ekki
9. Brottfall / svarar ekki
9995. Ekki spurt / Ekki upplýsingar þetta ár

3. Finnst þér stjórnámálamönnum yfirleitt vera treystandi, finnst þér mörgum þeirra vera treystandi, er sumum treystandi, fáum eða kannski engum?

[Spurt: 1983, 1987, 1991, 1995, 1999, 2003, 2007, 2009, 2013, 2016, 2017]

1. Yfirleitt
2. Mörgum
3. Sumum
4. Fáum
5. Engum
7. Neitar að svara
8. Veit ekki
9. Brottfall / svarar ekki
9995. Ekki spurt / Ekki upplýsingar þetta ár

4. Flokkshollusta - Er svarandi stuðningsmaður flokks, já/nei

[Spurt: 1983, 1987, 1991, 1995, 1999, 2003, 2009, 2013, 2016, 2017]

- 0. Nei, er ekki stuðningsmaður flokks
- 1. Já, er stuðningsmaður flokks
- 7. Neitar að svara
- 8. Veit ekki
- 9. Brottfall / svarar ekki
- 9995. Ekki spurt / Ekki upplýsingar þetta ár

5. Flokkshollusta - Lítur þú venjulega svo á, að þú standir nærri einhverjum sérstökum stjórn málaflokki?

[Spurt: 1999, 2003, 2007, 2009, 2013, 2016, 2017]

- 0. Nei
- 1. Já
- 7. Neitar að svara
- 8. Veit ekki
- 9. Brottfall
- 90. Veit ekki / neitar að svara
- 9995. Ekki spurt / Ekki upplýsingar þetta ár